

# Skýrsla stjórnar

nóvember 2013 - október 2015

## Skýrslur aðildarfélaga

Landssamband ísl. verzlunarmanna  
29. þing á Akureyri 16. - 17. október 2015



# Skýrsla stjórnar LÍV

nóvember 2013 - október 2015




## **Þing Landssambands ísl. verzlunarmanna frá stofnun**

1	Stofnfundur 1. - 2. júní 1957	Reykjavík, hús VR að Vonarstræti
2	8. - 10. maí 1959	Reykjavík, hús VR að Vonarstræti
3	5. - 7. maí 1961	Reykjavík
4	3. - 5. maí 1963	Sauðárkrókur, samkomuhúsið Bifröst
5	7. - 9. maí 1965	Selfoss, samkomusalur Selfossbíós
6	17. - 19. febrúar 1967	Reykjavík, hús Slysavarnarfélags Ísl.
7	4. - 6. september 1969	Akureyri, samkomusalur Sjálfsbjargar
8	25.- 27. febrúar 1972	Reykjavík, Hótel Esja
9	14. - 16. september 1973	Borgarnes
10	3. - 5. október 1975	Höfn í Hornafirði
11	4. - 6. nóvember 1977	Reykjavík, Hótel Loftleiðir
12	2. - 4. nóvember 1979	Stykkishólmur
13	12. - 14. júní 1981	Reykjavík, Hótel Saga
14	14. - 16. október 1983	Húsavík, Hótel Húsavík
15	15. - 17. nóvember 1985	Reykjavík, Hótel Esja
16	13. - 15. nóvember 1987	Akureyri, Alþýðuhúsið
17	13. - 15. október 1989	Reykjavík, Hótel Saga
18	24. - 26. maí 1991	Akureyri, Alþýðuhúsið
19	7. - 9. maí 1993	Reykjavík, Hótel Saga
20	26. - 28. maí 1995	Kirkjubæjarklaustur
21	10. - 12. október 1997	Reykjavík, Grand Hótel
22	7. - 9. maí 1999	Akureyri, Alþýðuhúsið
23	26. - 27. október 2001	Reykjavík, Hótel Saga
	3. - 4. maí 2002, framhaldsþing	Akureyri, Hótel KEA
24	14. - 15. nóvember 2003	Reykjavík, Hótel Saga
25	11. - 12. nóvember 2005	Akureyri, Hótel KEA
26	2. - 3. nóvember 2007	Reykjavík, Nordica hótel
	19. - 20. september 2008	Akureyri, Hótel KEA
27	26. 27. nóvember 2010	Reykjavík, Nordica Hótel
28	8. - 9. nóvember 2013	Akureyri, Menningarhúsið Hof
29.	16. - 17. október 2015	Akureyri, Hótel KEA

## Fjöldi kvenna og karla í aðildarfélögum LÍV 1. janúar 2015

	<u>Skattskyldir</u>		<u>Samtals</u>	<u>Meðal ársverk</u>
	Karlar	Konur		
VR	12.677	16.789	29.466	22.380
Stéttarfélag Vesturlands	42	80	122	84
Vlf. Snæfellinga	14	41	55	46
Vlf. Vestfirðinga	76	191	267	195
Stéttarfélag Samstaða	25	47	72	53
Vmf. Skagafjarðar	44	117	161	106
FVSA	687	1.146	1.833	1.111
Framsýn Stéttarfélag	41	106	147	115
Vlf. Þórshafnar	0	16	16	11
AFL- Starfsgreinafélag	80	167	247	239
Vmf. Suðurlands	202	440	642	346
Vmf. Suðurnesja	367	822	1.189	792
Samtals	14.255	19.962	34.217	25.478

## Þróun félagsmannafiölda frá árinu 2000 - 2015



**Síðasta kjörtímabil hefur stjórn LÍV verið skipuð sem hér segir:**

**Formaður** Guðbrandur Einarsson

**Aðalmenn í stjórn**

Ólafía B. Rafnsdóttir, VR - varaformaður

Páll Örn Líndal, VR - ritari

Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, FVSA - til febrúar 2014

Eiður Stefánsson, FVSA – frá febrúar 2014

Kristín María Björnsdóttir, VR deild Austurland

Gils Einarsson, Vmf. Suðurlands

Benóný V. Jakobsson, VR

**Varamenn í stjórn**

Jóhanna S. Rúnarsdóttir, VR

Hjörtur Geirmundsson, Vmf. Skagafjarðar

Þórhildur Karlsdóttir, VR deild Vestmannaeyjar

Óskar Kristjánsson, VR

Júnía Þorkeldsdóttir, VR

Valur M. Valtýsson, VR

## **VERKASKIPTING STJÓRNAR**

Ólafía B. Rafnsdóttir var kjörin í embætti varaformanns og Páll Örn Líndal sem ritari sambandsins.

## **BREYTINGAR Á FRAMKVÆMDASTJÓRN**

Úlfhildur Rögnvaldsdóttir lét af störfum í febrúar 2014. Henni voru færðar þakkir fyrir góð störf í þágu sambandsins og óskað velfarnaðar. Hún sinnti ábyrgðarstörfum fyrir LÍV frá 2002 er hún var kosin í framkvæmdastjórn. Hún var varaformaður LÍV frá 2011 en tók við sæti formanns frá maí til nóvember 2013 eftir að Stefán Einar Stefánsson, formaður LÍV lét af störfum.

## **SKRIFSTOFAN**

Skrifstofa LÍV er í Kringlunni 7, Reykjavík og hefur VR séð um rekstur sambandsins frá árinu 2002 samkvæmt samningi. Skatttekjur sambandsins renna til VR en félagið hefur greitt kr. 500.000 framlag á ári til LÍV, sem var hækkaði í kr. 1.437 þús. árið 2015 þegar gerður var nýr þjónustusamningur við VR.

Starfsmenn LÍV: Guðbrandur Einarsson í 37,5% starfi og Ástríður S. Valbjörnsdóttir í 50% starfi.

## **FUNDIR**

Á kjörtímabilinu voru haldnir 20 stjórnarfundir og 2 formannafundir.

### **Formannafundur 22. september 2014**

Efni fundarins var launaumræðan og undirbúningur fyrir þing ASÍ. Steinunn Böðvarsdóttir, fagstjóri rannsókna hjá VR fór yfir Launakönnun VR og Elías G. Magnússon, forstöðumaður kjaramálasviðs VR var með yfirferð á kröfugerð LÍV og VR. Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ hélt erindi um vinnustaðaeftirlit, réttindi launafólks og svarta atvinnustarfsemi og Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ ræddi um kjaramál. Alls sátu fundinn um 20 fulltrúar frá 11 aðildarfélögum LÍV.

### **Ályktun formannafundar**

Formannafundur Landssambands íslenskra verzlunarmanna, haldinn 22. september 2014, mótmælir harðlega þeim skerðingum sem fram koma í fjárlagafrumvarpi 2015. Þrátt fyrir að forystumenn ríkisstjórnarinnar haldi því fram að fjárlagafrumvarpið bæti hag heimila að meðaltali, þá er ljóst að það gildir ekki um tekjulægri hópa samfélagsins.

Formannafundur LÍV gerir mjög alvarlegar athugasemdir við:

- Hækkun lægra þreps virðisaukaskatts úr 7% í 12%
- Skerðingu réttar til atvinnuleysisbóta
- Að ekki verði staðið við gefin fyrirheit um framlag til VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs
- Skerðingu framlaga til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða
- Skert framlög til mennta-, heilbrigðis- og vinnumarkaðsmála

Það er ljóst að ofangreind atriði auðvelda ekki þá kjarasamningsgerð sem framundan er og stefnir að óbreyttu í hörð átök á vinnumarkaði. Formannafundur LÍV skorar á Ríkisstjórn Íslands að endurskoða framkomið fjárlagafrumvarp.

## **Formannafundur haldinn 22. apríl 2015**

Tilfni fundarins var staðan í kjaraviðræðum en LÍV hafði lagt fram kröfugerð þann 13. febrúar og margsinnis fundað með fulltrúum Samtaka atvinnulífsins. Ljóst var að þeir fundir voru ekki að skila þeim árangri sem vænst var þrátt fyrir hófsama kröfugerð. Því var tekin sú ákvörðun að vísa deilunni til ríkissáttasemjara þann 17. apríl. Fyrsti fundur með ríkissáttasemjara var síðan haldinn 21. apríl.

### Yfirlýsing formannafundar

Formannafundur LÍV lýsir yfir mikilli óánægju með þann seinagang sem verið hefur í viðræðum og þann litla vilja sem SA sýnir til þess að ná ásættanlegri niðurstöðu. Það er því nokkuð ljóst að til tíðinda muni draga innan skamms og að félög innan LÍV muni leita eftir heimildum til aðgerða til þess að bregðast við. Ákveðið var að hvert félag myndi hefja vinnu við undirbúning aðgerða.

## **STARFSMENNTASJÓÐIR**

### **Fulltrúar í stjórnnum starfsmenntasjóða**

**Stjórn SVS:** Teitur Lárusson, Eiður Stefánsson og Ingibjörg Ósk. Birgisdóttir. Til vara Gils Einarsson og Guðrún B. Hallbjörnsdóttir

**Stjórn SV:** Ingibjörg Ósk Birgisdóttir og Eiður Stefánsson

### **Vinnuhópur um miðlægan gagnagrunn**

Í maí 2014 voru Guðbrandur Einarson, LÍV, Eiður Stefánsson, FVSA og Silja E. Steingrimsdóttir frá Stéttarfélagi Vesturlands tilnefnd í vinnuhóp um miðlægan gagnagrunn Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks ásamt Sólveigu Snæbjörnsdóttur, VR og Birni H. Björnssyni, VR. Unnið hefur verið að samkeyrslu hinna ýmsu gagnagrunna sem er margþætt og flókið verkefni og hafa einstök félög verið nýtt í slíkar athuganir. Staða mála er að nú er verið að kanna hvaða bókhaldskerfi aðildarfélögin hafi verið að nýta sér með von um að finna leið til samkeyrslu fleiri aðildarfélaga.

## **KJARAMÁL**

### **Kjarasamningur undirritaður við SA 2014**

Þann 21. desember 2013 var undirritaður kjarasamningur milli LÍV/VR og Samtaka atvinnulífsins. Samningurinn var samþykktur af 7 aðildarfélögum LÍV en felldur hjá VS og í deildum AFLs starfsgreinafélags, Vlf. Snæfellinga, Vlf. Þórshafnar og Framsýnar stéttarfélags. Þau félög sem felldu kjarasamninginn frá 21. desember undirrituðu síðan nýjan samning 20. febrúar í kjölfar þess að ríkissáttasemjari lagði fram innanhússtillögu. Samningurinn var undirritaður með fyrirvara um samþykki félagsmanna og var hann í framhaldinu samþykktur af öllum félögum með miklum meirihluta atkvæða. Þau stéttarfélög sem samþykktu samninginn frá 21. desember var boðið þær breytingar sem hinn nýji samningur fól í sér.

Í mars árið 2014 var skrifað undir viðauka við samninginn sem fól í sér hækkun á desember- og orlofsuppbótum og lengingu samningstímans.

### **Helstu atriði samningsins frá 2014**

#### **Kaupliðir**

- *Almenn hækkun*  
Laun hækka um 2.8% frá 1. janúar 2014, þó að lágmarki kr. 8.000 á mánuði fyrir dagvinnu miðað við fullt starf. Aðrir kjaratengdir liðir hækka um 2,8% á sama tíma.
- *Sérstök hækkun lægstu launa*  
Launataxtar undir 230.000 kr. á mánuði hækka sérstaklega um kr. 1.750 og hækka launataxtar undir kr. 230 þúsund á mánuði því um kr. 9.750.



- *Lágmarkstekjur*  
Lágmarkstekjur fyrir fullt starf eru kr. 214.000 frá 1. janúar 2014 fyrir starfsmenn 18 ára og eldri sem starfað hafa fjóra mánuði samfellt hjá sama fyrirtæki.
- *Uppbætur*  
Desemberuppbót miðað við fullt starf er á árinu 2014 kr. 73.600. Orlofsuppbót (1.maí til 30. apríl) miðað við fullt starf er á árinu 2014 kr. 39.500.

### Önnur atriði

- *Veikindi og slys í orlofi*  
Réttindi félagsmanna vegna veikinda og slysa erlendis eru samræmd þeim réttindum sem gilda um veikindi og slys innanlands.
- *Skrifleg staðfesting ráðningar*  
Á samningstímanum verður unnið að kynningu á skyldum atvinnurekenda og réttindum launafólks til skriflegrar staðfestingar ráðningar.
- *Réttur til skaðabóta vegna ráðningarsamninga*  
Nýtt ákvæði er í samningnum þar sem segir að brjóti atvinnurekandi gegn ákvæðum um ráðningarsamninga geti það varðað hann skaðabótum.
- *Starfsmenntamál*  
Ráðist verður í úttekt á fyrirkomulagi starfsmenntamála m.a. með það að markmiði að auka vægi náms sem metið er til eininga eða viðurkenndrar færni á vinnumarkaði. Framlag til Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks hækkar um 0,1% frá 1. janúar 2015.

### Gildistími

Allir kjarasamningar aðila framlengjast óbreyttir til 28. febrúar 2015, þ.m.t sérkjarasamningar sem teljast hlutar aðalkjarasamninga, að frátöldum þeim breytingum sem greint er frá hér að ofan.

### Kjarasamningur við FA 2014

Þann 22. desember 2013 var undirritaður kjarasamningur milli LÍV/VR og Félags atvinnurekenda. Samningurinn var samþykktur hjá öllum aðildarfélögum sambandsins í janúar 2014. Gildistími samnings var frá 1. janúar til 31. desember 2014.

### Launakröfur vegna kjarasamninga 2015

LÍV kynnti Samtökum atvinnulífsins launkröfur sínar í vegna kjarasamnings 2015 á fundi þann 13. febrúar 2015. Lagði sambandið áherslu á að leiðrétta laun félagsmanna miðað við þær launahækkanir sem orðið hafa á vinnumarkaði síðustu misseri og mat kostnaðarauka atvinnulífsins innan þeirra marka sem fyrirtækin myndu þola.

### Meginatriði í launakrafna

- Að samið verði til eins árs þar sem meðalhækkun launa er kr. 24.000, m.v. fullt starf.
- Við launahækkanir verði stuðst við launaþróunartryggingu að hámarki kr. 50.000 m.v. fullt starf. Frá þeirri upphæð dragast launahækkanir á tímabilinu 1. janúar 2014 til 28. febrúar 2015, þ.e. 2,8% sem samið var um í síðustu kjarasamningum og allar hækkanir umfram það.
- Að lágmarkslaun fyrir fullt starf verði kr. 254 þúsund.
- Kostnaðarauki atvinnulífsins vegna framkominna launakrafna er kr. 6,9 milljarðar eða 5,35% að mati að mati hagfræðings VR.

### Samningur til skemmri tíma

LÍV telur skynsamlegt að gera kjarasamning til skemmri tíma. Staðan á vinnumarkaði og í efnahagslífinu bindur hendur okkar og litlar forsendur eru fyrir langtímasamningi. Stöðugleiki í íslensku efnahagslífi stendur ótryggum fótum þar sem óvissa ríkir um afnám gjaldeyrishaftanna á þessu ári.


## Launabróunartrygging

Hækkanir í kjarasamningum opinberra starfsmanna síðustu misseri liggja til grundvallar kröfum LÍV um launabreytingar. Launabróunartrygging, sem einnig er kölluð baksýnispegill, er að mati LÍV best til þess fallin að leiðrétta á sanngjarnan hátt laun félagsmanna m.t.t. þessara hækkana. Kröfugerðin leggur áherslu á að hækka laun þeirra sem lægstu launin hafa sem og millitekjuhópsins.

LÍV gerir kröfu um launabróunartryggingu að upphæð kr. 50 þúsund fyrir þá starfsmenn sem hafa verið í starfi hjá sama launagreiðanda frá 31. desember 2013. Frá þessari upphæð dragast allar launahækkanir á tímabilinu frá 1. janúar 2014 til 28. febrúar 2015.

Grunnhækkunin kr. 50.000, miðar þannig við laun félagsmannsins áður en nógildandi kjarasamningur tók gildi og dragast launahækkanir hans á gildistíma núverandi samnings frá. Það þýðir að 2,8% almenn launahækkun í upphafi árs 2014 og allar hækkanir umfram það dragast frá þessari grunnhækkun.

Hér er um að ræða leiðréttingu á síðasta kjarasamningi í ljósi þróunarinnar á vinnumarkaði frá því hann var gerður. Meðalhækkun félagsmanna samkvæmt þessum kröfum er um kr. 24.000 miðað við þau laun sem þeir hafa í dag, þeir sem hafa lægri laun fá hærri krónutöluhækkun en þeir sem hafa hærri laun.



### Dæmi um launabróunartryggingu (miðað er við laun fyrir fullt starf)

Félagsmaður með lágmarkslaun í lok desember 2013 fékk kr. 204.000 í laun. Þann 1. janúar 2014 hækkuðu laun hans í kr. 214.000 skv. kjarasamningum. Launabróunartrygging myndi færa þessum félagsmanni kr. 40.000 hækkun og yrðu laun hans því kr. 254.000 á mánuði.

Félagsmaður sem hafði kr. 350.000 í lok desember 2013 hækkaði í kr. 359.800 þann 1. janúar 2014 eða um 2,8%. Launabróunartrygging myndi færa þessum félagsmanni kr. 40.200 hækkun og yrðu laun hans kr. 400.000 á mánuði.

Félagsmaður sem hafði kr. 700.000 í lok desember 2013 hækkaði í kr. 719.600 þann 1. janúar 2014 eða um 2,8%. Launabróunartrygging myndi færa þessum félagsmanni kr. 30.400 og yrðu laun hans kr. 750.000 á mánuði.

Við útreikning á launabróunartryggingu skal miða við heildarlaun, þ.e. föst og reglubundin vikueða mánaðarlaun að viðbættum föstum álags- eða aukagreiðslum hverju nafni sem þær nefnast.

Grunnupphæð þeirra sem hófu störf á tímabilinu 2. janúar til 31. desember 2014 er kr. 30.000, að frádregnum launahækkunum á tímabilinu frá 2. janúar 2014 til 28. febrúar 2015.

#### Kostnaður fyrirtækja er 5,35%

Samkvæmt útreikningum nemur kostnaðaraukning atvinnulífsins vegna launahækkunar félagsmanna 6,9 milljörðum króna eða sem nemur 5,35%. Þá er ekki búið að taka tillit til þess að launahækkun leiðir til aukinnar einkaneyslu sem aftur skilar sér í tekjuaukningu fyrirtækja. Um 75-80% af launum fara í neyslu að meðaltali og má því gera ráð fyrir því að um 4 milljarðar af launahækkuninni, að teknu tilliti til skatta, skili sér aftur til atvinnulífsins. Það er vel innan þess ramma sem ásættanlegt er að mati LÍV.

#### **Kjaradeilu vísað til sáttasemjara**

Þann 17. apríl 2015 vísaði LÍV deilu um gerð kjarasamnings við Samtök atvinnulífsins til ríkissáttasemjara á grundvelli 2. mgr. 24. gr. laga nr. 80/1938.

Allt frá því að kröfugerð var lögð fram höfðu átt sér stað viðræður milli aðila sem ekki skiluðu þeim árangri sem til var ætlast og því talið eðlilegt að vísa á þessum tímamarki.

Verslunarmenn lögðu áherslu við gerð síðustu kröfugerðar að um leiðréttingu væri að ræða og sérstök áhersla lögð á að hækka lægstu laun. Sú áhersla hafði ekki hlotið hljómgrunn hjá viðsejendum sem vildu prósentuhækkun launa sem var í engu samræmi við þá kröfugerð sem fyrir lá. Það var því hlutverk ríkissáttasemjara að boða til næsta fundar í deilunni. Ljóst var að ef ekki næðist árangur innan skamms mætti reikna með því að stéttarfélögin færu að afla sér verkfallsheimilda meðal sinna félagsmanna og verkföll myndu hefjast í seinni hluta maí mánaðar.

#### **Atkvæðagreiðsla um vinnustöðvun og skipulag verkfallsaðgerða**

VR, Landssamband ísl. verzlunarmanna og Flóabandalagið sendu frá sér sameiginlega fréttatilkynningu til að kynna atkvæðagreiðslu um vinnustöðvun og skipulag verkfallsaðgerða.

#### Tilkynning

Félagsmenn í VR, aðildarfélögum Landssambands ísl. verzlunarmanna og Flóabandalagsins, þ.e. Eflingar, Hlífar og VSFK, hafa verið samningslausir í tvo mánuði með tilheyrandi skaða og enn hyllir ekki undir nýjan kjarasamning. Félagin hafa undanfarna mánuði reynt að ná sátt við atvinnurekendur um grundvöll nýrra kjarasamninga en árangurinn hefur verið rýr. Öll stéttarfélögin vísuðu deilum sínum til ríkissáttasemjara þann 17. apríl síðastliðinn. Þrátt fyrir milligöngu hans hafa viðræður reynst árangurslausar og var þeim öllum slitið undir lok apríl. Á grundvelli 15. gr. laga nr. 80 frá 1938 boða félögin nú til atkvæðagreiðslu um verkföll á félagssvæðum sínum. Atkvæðagreiðslunni lýkur eigi síðar en 20. maí. Verði verkföll samþykkt hefjast aðgerðir fimmtudaginn 28. maí.

#### Af hverju verkföll?

Ákvörðun um vinnustöðvun er ekki auðveld og er verkfallsvopninu aldrei beitt nema í ítrustu neyð. En viðbrögð atvinnurekenda gagnvart sanngjörnum kröfum okkar eru slík að við eigum engra annarra kosta vöð. Atvinnurekendur hafa ekki sýnt vilja til að koma viðræðum í þann farveg að þær skili árangri. Þær aðgerðir sem við greiðum nú atkvæði um eru þannig eina leið okkar til að knýja á um breytingar.

#### Stöndum saman

Sameiginlega hafa þessi félög sterkan málstað. Það er mat félaganna að stuðningur við fyrirhugaðar aðgerðir sé víðtækur og almennur meðal félagsmanna. Markmið okkar er ekki að valda tjóni, heldur leggja áherslu á þær kröfur að jafnræði ríki meðal launafólks í íslensku samfélagi.

Á síðustu misserum hafa ríki og sveitarfélög markað nýja stefnu í kjaramálum sem veldur því að ójöfnuður hefur aukist. Þessi stefna hefur valdið misvægi í kaupmætti hópa launafólks. Við þetta verður ekki unað.

Krafa okkar sem hér kynnum sameiginlega aðgerðir á vinnumarkaði er einföld; að kjör félagsmanna okkar verði leiðrétt. Við lögðum okkar af mörkum við gerð síðustu kjarasamninga og sýndum ábyrgð. Við öxlum hins vegar ekki ein ábyrgð á stöðugleika á vinnumarkaði. Það dugar skammt að lýsa yfir góðæri, ef ávinningar stöðugleika eiga einungis að falla í skaut atvinnurekenda en launafólki verði einungis skammtaðar lágmarkshækkningar.

### Skipulag verkfalla

Skipulag vinnustöðvana félaganna er með þeim hætti að dagana 28. maí til og með 5. júní verða tveggja daga verkföll í tilteknum atvinnugreinum á félagasvæði VR, LÍV og aðildarféлага Flóans. Frá og með 6. júní hefst ótímabundið allsherjarverkfall.

### Hér að neðan er birt yfirlit yfir skipulag aðgerðanna

Hvenær ?	Hvar ?
28. maí og 29. maí	Hópbifreiðafyrirtæki frá kl. 00:00 28. maí til kl. 24:00 29. maí
30. maí og 31. maí	Hótel, gististaðir og baðstaðir frá kl. 00:00 30. maí til kl. 24:00 31. maí
31. maí og 1. júní	Flugafgreiðsla frá kl. 00:00 31. maí til kl. 24:00 1. júní
2. júní og 3. júní	Skipafélög og matvöruverslanir frá kl. 00:00 2. júní til kl. 24:00 3. júní
4. júní og 5. júní	Olíufélög frá kl. 00:00 4. júní til kl. 24:00 5. júní
Ótímabundið allsherjarverkfall hefst kl. 00:00 þann 6. júní 2015	

Við leggjum nú næstu skref í hendur félagsmanna okkar.

Við hvetjum þá til að nýta atkvæðisrétt sinn. Við hvetjum einnig okkar fólk til að standa saman og greiða atkvæði með þessum aðgerðum.

Ólafía B. Rafnsdóttir, formaður VR  
Guðbrandur Einarsson, formaður LÍV  
Sigurður Bessason, formaður Eflingar, f.h. samninganefndar Flóabandalagsins

### **Tilboð SA til LÍV/VR og Flóafélaga**

Eftir fund með SA þann 19. maí slitnaði upp úr viðræðum vegna kröfu SA um breytingar á vinnufyrirkomulag sem félögin voru ekki tilbúin til að ganga að og deilan var því komin í hnút.

### **Kosið um verkfall**

Ákveðið var að efna til leynilegrar allsherjaratkvæðagreiðslu um boðun verkfalls á félagasvæðum aðildarféлага LÍV á þeirri forsendu að þrátt fyrir milligöngu ríkissáttasemjara voru viðræður árangurslausar. Atkvæðagreiðslunni lauk þann 19. maí og var samþykkt hjá öllum aðildarfélögum LÍV með afgerandi hætti að hefja verkfallsaðgerðir þ. 29. maí 2015.

### **Verkfallsboðun hefur áhrif**

Eftir að ljóst var að boðun verkfalla hafði verið samþykkt í öllum félögunum óskuðu fulltrúar SA eftir fundi með forsvarsmönnum LÍV, VR og Flóabandalagsins. Á þeim fundi lýstu þeir áhyggjum sínum af fyrirhuguðum verkfallsboðunum og lýstu vilja til þess að setjast að samningaborðinu á nýjan leik. Ákveðið var að ganga að þessu boði þeirra og setjast yfir samningsgerð. Það var þó ákveðið að fyrst um sinn yrði reynt að halda þessum umræðum utan fjölmiðla og hófust þær í húsakynnum Eflingar þann 20. maí sl. Að morgni sunnudags 24. maí, þegar ljóst var að viðræður væru að skila árangri var ákveðið að upplýsa um stöðu þeirra og halda viðræðum áfram við borð ríkissáttasemjara og bjóða jafnframt fleiri aðilum að viðræðunum s.s. þeim hluta Starfsgreinasambandsins sem stóð utan Flóabandalagsins.

### **Nýr kjarasamningur undirritaður við SA og FA 2015**

Þann 29. maí 2015 var undirritaðir nýr kjarasamningar milli LÍV, VR og Samtaka atvinnulífsins. Sambærilegur samningur var undirritaður við FA þann sama dag. Greidd voru atkvæði um báða samningana og voru þeir samþykktir með miklum meirihluta atkvæða í atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna, sem lauk 22. júní 2015. Gildistími samninganna er til 31. desember 2018. Árlegar hækkunir verða í byrjun maí hvert ár.

### **Helstu atriði samningsins við SA og FA**

#### Launahækkun 1. maí 2015

- Lágmarkslaunataxtar samkv. kjarasamningi hækka um kr. 25.000.
- Byrjunarlaun skv. öllum launatöxtum LÍV/VR hækka að auki um kr. 3.400 .
- Launaþróunartrygging, á við um aðra en þá sem taka laun skv. launatöxtum. Grunnhækkun launa við gildistöku samningsins er 7,2% fyrir starfsmann sem er með kr. 300.000 laun eða lægri og hóf störf hjá launagreiðanda fyrir 1. febrúar 2014. Grunnhækkun launa starfsmanns sem er með hærri laun en kr. 300.000 fer stíglækkandi þannig að hún lækkar í jöfnum skrefum frá kr. 300.000 niður í 3,2% hjá starfsmanni með kr. 750.000 í laun. Hafi starfsmaður fengið hækkun eftir 2. febrúar 2014 dregst hún frá grunnhækkuninni. Frá grunnhækkun dregst önnur sú launahækkun sem starfsmaður hefur fengið eftir 2. febrúar 2014. Hækkun launa og launatengdra liða samkvæmt ákvæði þessu getur aldrei verið lægri en 3,2%.
- Starfsmenn sem hófu störf frá 1. febrúar 2014 til loka desember 2014 hækka um 3,2%.

#### Launahækkun 1. maí 2016

- Launaþróunartrygging er 5,5%, að lágmarki kr. 15.000 fyrir starfsmann sem hóf störf fyrir 1. maí 2015.
- Starfsmenn sem hófu störf frá 1. maí 2015 til loka desember 2015 fá 3,2% hækkun frá 1. maí 2016.

#### Launahækkun 1. maí 2017

- Launataxtar hækka um 4,5%.
- Byrjunarlaun skv. launataxta hækka að auki um kr. 1.700.
- Almenn hækkun er 3%.

#### Launahækkun 1. maí 2018

- Launataxtar hækka um 3%.
- Almenn hækkun er 2%.

### **Kr. 300 þúsund lágmarkstekjur**

Lágmarkslaun með tekjutryggingu hækka í 245 þúsund krónur við undirskrift samningsins en þau eru í dag kr. 214.000 á mánuði. Í maí árið 2018 verða lágmarkstekjur kr. 300.000 á mánuði. Miðað er við lágmarkstekjur á mánuði fyrir fullt starf.

### **Samningaforsendur**

Samningurinn hvílir á þremur meginforsendum:

1. Að kaupmáttur launa aukist á samningstímanum.
2. Að launastefna samningsins verði stefnumarkandi fyrir aðra kjarasamningagerð.
3. Að fullar efnidir verðir á yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

Forsendunefnd verður skipuð fulltrúum beggja aðila og metur hvort forsendur hafi staðist sem hér segir:

Í febrúar 2016 og febrúar 2017 –verður metið hvort launastefna og launahækkanir samningsins hafi verið stefnumarkandi fyrir aðra samningagerð á vinnumarkaði.

- Í febrúar 2016 - mat á því hvort stjórnvaldsákvæðanir og lagabreytingar í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar hafi náð fram að ganga.
- Í febrúar 2016, 2017 og 2018 - mat á því hvort markmið samningsaðila um aukinn kaupmátt hafi gengið eftir.

### **Bókanir**

Samningnum fylgja bókanir m.a. um breytingar á vinnutíma, starfsmenntamál og sveigjanleg starfslok. Gert er ráð fyrir því að vinnuhópar taki til starfa fyrir lok næsta mánaðar sem vinni að undirbúningi að breytingum á vinnutímaákvæðum kjarasamninga sem bornar verði undir atkvæði félagsmanna í nóvember á næsta ári. Markmið með þessum breytingum er að stuðla að fjölskylduvænni vinnumarkaði með því að auka hlut dagvinnulauna í heildarlaunum.

Í bókun um mat á námi til launa er kveðið á um að samningsaðilar vinni að því að meta nám / raunfærni til launa í tveimur þrepum á grundvelli hæfnigreiningar. Nefnd samningsaðila mun hefja störf í haust og verða námskeið og raunfærnimat, á grundvelli vinnu þeirrar nefndar, sett af stað haustið 2016.

Þá er einnig í samningnum bókun um sveigjanleg starfslok þar sem segir að þau geti falist í minnkuðu starfshlutfalli sem og heimild til að vinna fram yfir lífeyrisaldur, fyrir þá sem það vilja. Mikilvægt sé að taka tillit til aðstæðna hvers og eins. Sveigjanlegur starfslokaaldur hefur verið til umfjöllunar í nefnd um endurskoðun laga um almannatryggingar.

### **Aðkoma ríkisstjórnarinnar**

Í yfirlýsingu sem ríkisstjórnin sendi frá sér í tengslum við gerð þessa kjarasamnings er kveðið á um fækkun skattþrepa í tvö, lægra þrepið verður 22,5% í ársbyrjun 2017, auk útsvars, og efra þrep miðar við kr. 700.000. Þessi breyting skilar umtalsverðum ávinningi fyrir félagsmenn með millitekjur. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er einnig kveðið á um breytingar á félagslega húsnæðiskerfinu. Á næstu fjórum árum verða byggðar 2.300 íbúðir, eða um 600 á ári. Ríki og sveitarfélög leggja til 30% stofnfjár og segir í yfirlýsingunni að það framlag eigi að leiða til þess að leiga einstaklings með lágar tekjur nemi ekki hærra hlutfalli af tekjum en 20-25%.

## **ESB - SKÝRSLA ALÞJÓÐAMÁLASTOFNUNAR HÍ**

Gylfi Arnbjörnsson mætti á fund stjórnar LÍV í maí 2014 og fór yfir nýútkomna ESB skýrslu Alþjóðamálastofnunar HÍ sem unnin var fyrir ASÍ, SA, FA og Viðskiptaráð Íslands. Fræðasamfélagið var fengið til að rýna í stöðuna og nálgast viðfangsefnið út frá skilgreindum markmiðum.

## **LAGABREYTINGAR AÐILDARFÉLGA**

Samþykktar voru lagabreytingar hjá eftirfarandi aðildarfélögum:  
VR 2014 og 2015  
Vlf. Snæfellinga 2014  
Stéttarfélagið Samstaða 2015

## **NÝIR FORMENN AÐILDARFÉLAGA**

### Félag verslunar- og skrifstofufólk Akureyri

Eiður Stefánsson var kosinn formaður FVSA í febrúar 2014. Úlfhildur Rögnvaldsdóttur fyrrverandi formaður lét af störfum vegna aldurs.

### AFL starfsgreinafélag

Lars J. Andrússon var kosinn formaður deildar verslunarmanna í apríl 2015. Hann tók við af Gunnhildi Imsland.

### Vlf. Snæfellinga

Þuríður Hall Sölvadóttir var kosin formaður deildar verslunarmanna í júní 2014. Þorsteinn Sigurðarson lét af störfum 2013.

## **ÚTGÁFA**

### **Kjarasamningar:**

Ekki var gefinn út kjarasamningur vegna samningsins fyrir árið 2014 þar sem hann var aðeins gerður til eins árs og innihélt aðallega launabreytingar. Gefinn verður út kjarasamningur á rafrænu formi til að byrja með vegna samningsins sem undirritaður var í maí 2015.

### **Reiknivél**

VR útbjó reiknivél til útreiknings á hækkun launa samkvæmt kjarasamningi frá 1. maí 2015. Hún var jafnframt útbúin fyrir vef LÍV þangað sem aðildarfélögin gátu sótt hana.

### **VR-skóli lífsins**

VR stofnaði VR-skóla lífsins 2014 en hann er gagnvirkt netnám með eina staðlotu í 4 klst. Tilgangur skólans er að styrkja stöðu fólks á aldrinum 16 - 24 ára á vinnumarkaðinum óháð stéttarfélagasáild og því opinn öllum landsmönnum. Aðildarfélögum LÍV býðst að halda staðlotu á félagasvæði sínu. FVSA hefur nýtt sér samstarf VR og haldið tvö námskeið á tímabilinu. Sjá heimasíðu [www.vrskolilifsins.is](http://www.vrskolilifsins.is)

## **MINNINGARVERKEFNI**

Samningi við Skólavefinn frá árinu 2011 um að efla námsvefinn Námstorg.is og fjölga námskeiðum og námsaðstoð fyrir fullorðna var rift 2013 vegna vanefnda. Fjárhæð sem LÍV og SVS hafði lagt í verkefnið var endurgreidd.

Á árinu 2015 var undirritaður samningur við Félag lesblindra um að gefa út kynningarbækling fyrir vinnustaði og útbúa stutt kynningar myndbönd um helstu hjálpartæki sem geta nýst lesblindum á vinnustaðnum. Tilgangur verkefnisins er að eyða fordómum um lesblindu, auka skiling og kynna hvaða lausnir eru í boði fyrir lesblinda. Samningurinn hljóðar upp á 3,8 milljónir. Fjármunir frá fyrra verkefni munu færast á hið nýja verkefni. Farið var af stað með verkefnið til að heiðra minningu Ingibjargar R. Guðmundsdóttur, fyrrverandi formann LÍV en hún var áhugamanneskja um hag lesblindra einstaklinga.

## **ASÍ**

Þing ASÍ var haldið dagana 22. - 24. október 2014 í Reykjavík og átti LÍV rétt á 98 fulltrúum. Þema þingsins var „Samfélag fyrir alla, jöfnuður og jöfn tækifæri“.

Ólafía B. Rafnsdóttir, VR var kjörin varaforseti.

Þriðja þing ASÍ-UNG var haldið 12. september 2014 með yfirskriftinni „Samfélag fyrir alla - líka unga fólkið“.

### **Fulltrúar verslunarmanna í nefndum á vegum ASÍ**

**Miðstjórn:** Aðalmenn eru Guðbrandur Einarsson, Eiður Stefánsson, Ingibjörg Ó. Birgisdóttir og Benóný Valur Jakobsson. Til vara eru Kristín M. Björnsdóttir, Gils Einarsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Hjörtur Geirmundsson, og Kristjana Þ. Jónsdóttir

**Alþjóðanefnd:** Bjarni Þór Sigurðsson. Ingibjörg Ó. Birgisdóttir til vara

**Atvinnumálanefnd:** Benóný V. Jakobsson tilnefndur af miðstjórn og Kristín M. Björnsdóttir. Eiður Stefánsson til vara

**Jafnréttis- og fjölskyldunefnd:** Ólafía B. Rafnsdóttir. Páll Örn Líndal til vara. Áheyrnarfulltrúi er Linda Rós Reynisdóttir, ASÍ-UNG

**Mennta- og útbreiðslunefnd:** Ingibjörg Ó. Birgisdóttir. Kristín M. Björnsdóttir til vara

**Efnahags- og skattanefnd:** Guðbrandur Einarsson. Ólafía B. Rafnsdóttir til vara

**Lífeyris- og veikindaréttanefnd:** Páll Örn Líndal. Ólafía B. Rafnsdóttir til vara

**Skipulags- og starfsháttanefnd:** Ólafía B. Rafnsdóttir. Guðbrandur Einarsson til vara

**Velferðarnefnd:** Eiður Stefánsson. Benóný V. Jakobsson til vara

**Vinumarkaðsnefnd:** Ólafía B. Rafnsdóttir (formaður nefndar) skipuð af miðstjórn og Gils Einarsson. Bjarni Þór Sigurðsson til vara

**Umhverfisnefnd:** Kristjana Þ. Jónsdóttir. Páll Örn Líndal til vara.

**Laganefnd:** Guðbrandur Einarsson. Engir varamenn eru í nefndinni

**Öryggismál í verslunum:** Halldór Grönvold og Elías Magnússon

**ASÍ-UNG:** Linda Rós Reynisdóttir

### **Fulltrúar LÍV skipaðir af ASÍ í nefndir, stjórnir og ráð**

#### **Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið**

**Nýsköpunarsjóður:** Ólafía B. Rafnsdóttir

#### **Mennta- og menningarmálaráðuneytið**

**Fræðslusjóður - stjórn:** Ólafía B. Rafnsdóttir

**Starfsgreinaráð skrifstofu- og verslunargreina:** Sólveig L. Snæbjörnsdóttir og Eiður Stefánsson. Teitur Lárusson og Kristín M. Björnsdóttir til vara

**Starfsgreinaráð matvæla-, veitinga- og ferðaþjónustugreina:** Benóný V. Jakobsson. Selma Kristjánsdóttir til vara



## **Velferðarráðuneytið**

**Atvinnuleysistryggingasjóður:** Ólafía B. Rafnsdóttir tilnefnd af ASÍ  
**Félagsmálaskóli alþýðu:** Kristín M. Björnsdóttir. Ingibjörg Ó. Birgisdóttir til vara  
**Úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta:** Árni Leósson  
**Vinnumarkaðsráð Suðurlands:** Gils Einarsson  
**Vinnumarkaðsráð Suðurnesja:** Guðbrandur Einarsson til vara  
**Vinnumarkaðsráð Norðurlands:** Jóna Matthíasdóttir til vara  
**Vinnueftirlit ríkisins:** Rannveig Sigurðardóttir til vara  
**Vinnumálastofnun:** Ólafía B. Rafnsdóttir til vara

## **Fulltrúar með samtökum atvinnurekenda og fl.**

**Fræðslumiðstöð atvinnulífsins – FA:** Eyrún Ingadóttir til vara

**Kjararannsóknarnefnd:** Ólafía B. Rafnsdóttir

**VIRK - starfsendurhæfingarsjóður:** Ólafía B. Rafnsdóttir

**Fulltrúaráð VIRK - starfsendurhæfingarsjóðs:** Guðbrandur Einarsson, Gils Einarsson, Ólafía B. Rafnsdóttir, Rannveig Sigurðardóttir, Herdís Magnúsdóttir og Eiður Stefánsson

**Skjól – fulltrúaráð:** Jóhanna Vilhelmsdóttir

**Mímir - símenntun:** Stefán Sveinbjörnsson og Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir. Ingibjörg Ósk. Birgisdóttir til vara

## **KVENNARÁÐSTEFNA ASÍ OG NORDISK FORUM**

Alþýðusambandið í samstarfi við MFA hélt Kvennaráðstefnuna „Hvað vilt' upp á dekk“ í maí 2014. ASÍ sá um utanumhald fulltrúa frá félögum innan ASÍ á Nordisk Forum, sem haldin var í júní 2014 í Svíþjóð. Nokkur fjöldi kvenna frá aðildarfélögum LÍV sóttu ráðstefnurnar.

## **ERLENT SAMSTARF**

Alþjóðasamstarfið var með hefðbundnu móti á árunum 2013 - 2015 en norræna samstarfið á vegum LÍV fer að mestu leyti fram í tveimur samböndum NH (Nordisk Handel) og NK (Nordisk Samarbeitskomité). LÍV hefur hingað til verið einangrað frá alþjóðastarfinu fyrir utan Norðurlandasamstarfið en sl. tvö ár hefur þátttaka á fundum innan samstarfs UNI aukist. Mikilvægt er að viðhalda þessu samstarfi til að sækja þekkingu og auka samstöðu verkalýðsfélaga milli landa. Í breyttum heimi þar sem alþjóðafyrirtæki ráða orðið mjög miklu er mikilvægt að alþjóðleg verkalýðshreyfing sé sterk.

## **UNI GLOBAL UNION**

Alþjóðasamtökin UNI Global er fyrir fólk í þjónustugreinum og er málsvári 20 milljóna félagsmanna í um 900 landssamböndum í 150 löndum. Áætlað er að um 90% nýrra starfa á þessari öld verði til í greinum innan UNI. Hlutverk samtakanna er að verja störf og rétt félagsmanna, stuðla að rétti til að ganga í stéttarfélög og til þess að gera kjarasamninga. UNI hefur undirritað yfir 50 samninga við alþjóðleg fyrirtæki fyrir um 10 milljón félagsmanna.

UNI skiptist eftir heimsálfum og á LÍV aðild að UNI Europa, sem hefur aðsetur í Brussel og er virkur aðili innan UNI GLOBAL. UNI skiptist einnig eftir starfsgreinum í geira og á LÍV aðild að UNI Commerce (verslun) og UNI ICTS (Information, Communication, Technology and Services). Auk LÍV eiga Samtök starfsmanna fjármálaafyrirtækja, Félag bókargerðarmanna, Póstmannafélag Íslands og Félag ísl. símamanna aðild að UNI. Aðeins landssamtök geta átt aðild að samtökunum.

LÍV sækir fundi á tveimur sviðum, UNI Commerce og UNI ICTS.  
Skattur til UNI á hvern félagsmanna skiptist upp í UNI General 2,2 CHF, UNI Solidarity 0,25 og UNI Regional 0,45 EUR.

Formaður UNI GLOBAL er Philip Jennings.  
Höfuðstöðvar eru í Nyon, Sviss.

### **Þing UNI, UNI Europa og UNI Commerce**

- Heimsping UNI Global var haldið í Cape Town, Afríku í desember 2014. Næsta þing verður haldið í Liverpool í Englandi 2018.  
Þátttakendur: Guðbrandur Einarsson og Ólafía B. Rafnsdóttir.
- Heimsráðstefna UNI ICTS var haldin í Djurham, Svíþjóð í júní 2015.  
Þátttakandi: Guðbrandur Einarsson.
- Þing UNI Europa Commerce var haldið í Gdansk, Póllandi í október 2015.  
Þátttakandi: Guðbrandur Einarsson.

### **UNI ICTS NORDIC**

ICTS er hluti af UNI Global og vinnur á sviði upplýsingatækni, samskipta, tækni- og þjónustugreina og er samstarf landssambanda á Norðurlöndunum. Tilgangurinn samstarfsins er að miðla upplýsingum og koma á viðræðum milli aðildarsambandanna svo og að fylgja eftir sameiginlegum áherslum innan UNI og UNI Evrópa. Á þessum fundum fáum við upplýsingar um það sem önnur sambönd eru að fást við á Norðurlöndum, kjarasamninga, samskipti við stjórnvöld á hverjum stað og fl. LÍV er aðili að þessum geira ásamt RSÍ. Haldnir eru a.m.k. tveir fundir á ári

Samstarfið greiðir ferða- og hótélkostnað fyrir þátttakendur vegna stjórnar- og ársfunda.  
Skattur til samstarfsins er 0,50 DKR fyrir um 70% félagsmanna.  
Formaður er Peter Hellberg, varaformaður Unionen

### **Ársfundir**

- Ársfundur var haldinn í Helsinki, Finnlandi í október 2014.  
Þátttakandi: Guðbrandur Einarsson.

### **Vinnufundir stýrihóps**

- Fundur var haldinn í Reykjavík í mars 2014. Guðbrandur Einarsson hélt erindi um íslensku verkalýðshreyfinguna og Gylfi Arnbjörnsson hélt erindi um efnahagsmál á Íslandi frá hrúni. Þetta er fyrsti fundur samstarfsins sem hefur verið haldinn á Íslandi.  
Þátttakendur: Guðbrandur Einarsson og Ólafía B. Rafnsdóttir.
- Fundur var haldin í Tallin, Eistlandi í mars 2015.  
Þátttakandi: Guðbrandur Einarsson.

### **NK - NORRÆNA SAMSTARFSNEFNDIN**

NK - Nordisk Samarbejdskomité, er samstarfsvettvangur landssambandanna Handel- og Kontorfunktionærernes Forbund i Danmark, Handel og Kontor í Noregi, Handels í Svíþjóð, PAM í Finnlandi og LÍV. Forsendan fyrir aðild að NK er aðild að UNI. Haldnir eru tveir fundir á ári, vinnufundur stjórnar og ársfundur. Á vinnufundi stjórnar á hvert land 1 fulltrúa en á ársfundi hefur LÍV heimild fyrir tveimur fulltrúum.

Skattur til NK er DKK 0,95 á hvern félagsmann.

Samstarfið greiðir kostnað vegna stjórnar- og ársfunda og hluta kostnaðar vegna ráðstefna.

Formaður NS er Trine Lise Sundnes frá HK í Noregi  
Guðbrandur Einarsson situr í stjórn og vinnunefnd

## **Ársfundir**

Samstarfið heldur árlega fundi en þar er farið yfir það sem efst er á baugi í hverju sambandi, samstarfinu innan UNI og önnur mál, sem varða samböndin. Þá er einnig rædd pólitísk staða í hverju landi fyrir sig og staða efnahagsmála. Fundirnir eru haldnir til skiptis í löndunum og hefur LÍV rétt á að senda tvo fulltrúa á ársfundina.

- Fundur var haldinn í Lofoten, Noregi í júní 2014.  
Þátttakendur: Guðbrandur Einarsson og Ólafía B. Rafnsdóttir.
- Fundur var haldinn í Helsinki, Finnlandi í ágúst 2015.  
Þátttakandi: Guðbrandur Einarsson og Ólafía B. Rafnsdóttir.

## **Vinnufundir**

- Á vinnufundum eru ársfundirnir undirbúnir og fjallað um þau mál, sem upp koma á milli funda. Fundur í Stokkhólmi, Svíþjóð í janúar 2014.  
Þátttakandi: Guðbrandur Einarsson.
- Fundur í Stokkhólmi, Svíþjóð í janúar 2015.  
Þátttakandi: Guðbrandur Einarsson.

## **NH – NORRÆN VERSLUN**

Nordisk Handel er samstarf landssambanda verslunarmannafélaga á Norðurlöndunum og er bundið við verslunargeirann einvörðungu. Í nefndinni sitja aðilar frá HK Handel í Danmörku, Handel og Kontor í Noregi, PAM í Finnland, Unionen og Handels í Svíþjóð og LÍV. Haldnir eru tveir fundir á ári, vinnufundur stjórnar og ársfundur. Þessi sambönd eru ekki öll innan LO (landssamtaka) eins og samböndin í NK. Á vinnufundi stjórnar á hvert land einn fulltrúa en á ársfundi hefur LÍV heimild fyrir tveimur fulltrúum. Ársfundur NH er tveggja daga fundur og er fulltrúum frá atvinnurekendum hvers lands boðið á fund seinni daginn. Þar er tekið fyrir ákveðið efni með fyrirlestrum og samtölum milli launþegasamtaka og atvinnurekendasamtaka. Þessi fundir hafa verið vel sóttir af atvinnurekendasamtökum hinna Norðurlandanna en SA (SVP) hefur ekki sent fulltrúa á þessa ársfundi mörg undanfarin ár.

Samstarfið greiðir kostnað vegna stjórnar- og ársfunda og hluta kostnaðar vegna ráðstefna. Skattur til NH er DKK 3,00 og miðast við þann fjölda félagsmanna sem starfa í fyrirtækjum með verslun. Greitt var af 38% félagsmanna LÍV á tímabilinu til Nordisk Handel.

Nýr formaður NH er Susanne Gideonson frá Handels Svíþjóð sem nýverið tók við af Lars-Anders Häggström sem gengt hefur formennsku í mörg ár en lætur nú af störum vegna aldurs. Guðbrandur Einarsson situr í stjórn NH.

## **Ársfundir og fundir með atvinnurekendum**

- Ársfundur haldinn á Visby, Svíþjóð í júní 2014.  
Þátttakendur: Guðbrandur Einarsson og Ólafía B. Rafnsdóttir.
- Ársfundur haldinn í Álandseyjum, Svíþjóð í apríl.  
Þátttakandi: Guðbrandur Einarson.

## **Stjórnar- og vinnufundir**

- Fundur haldinn í Stockhólmi, Svíþjóð í janúar 2014.  
Þátttakandi: Guðbrandur Einarsson.
- Fundur haldinn í Stockhólmi, Svíþjóð í janúar 2015.  
Þátttakandi: Guðbrandur Einarsson.

## **Vinnufundir með starfsmönnum stéttarféлага**

- Fundur um fjölgun félagsmanna, haldinn í Stokkhólmi, Svíþjóð í ágúst 2014.  
Þátttakendur: Steinunn Böðvardsdóttir og Stefán Sveinbjörnsson.

- Fundur um netverslun (e-handel) var haldinn í Reykjavík í september 2015. Hann fjallaði um stöðu og framtíðarsýn rafrænnar verslunar á Norðurlöndum. Emil Karlsson, forstöðumaður Rannsóknarseturs verslunarinnar hélt fyrirlestur um stöðu Íslands  
Þátttakendur: Guðbrandur Einarsson, Gils Einarsson, Ástríður S. Valbjörnsdóttir og Bryndís Guðnadóttir.

## **STARFIÐ FRAMUNDAN**

Það er ljóst að mikið starf er framundan við að verja þann ávinning sem náðist með nýgerðum kjarasamningi. Óvíst er hvort hann lifi fram yfir fyrstu endurskoðun en hún mun fara fram í febrúar nk. skv. forsenduákvæðum samningsins. Verslunar- og skrifstofufólk hefur mörg undanfarin ár farið fram af hófsemi og ábyrgð við gerð kjarasamninga, reynt að ná fram bættum kjörum og á sama tíma haft að leiðarljósi að viðhalda stöðugleika. Ekki hafa allir verið tilbúnir til að ganga þessa leið með okkur og því er svo komið að enginn veit hvað bíður okkar. LÍV - Landssamband ísl. verzlunarmanna mun hins vegar halda á lofti merki sinna félagsmanna hér eftir sem hingað til, verja hagsmuni þeirra eins og kostur er og axla þá ábyrgð sem fylgir því að vera að þátttakandi í mótun íslenskra þjóðarhagsmuna.

# **Skýrslur aðildarfélaga**

## VR

### **Þróun félagsmannafjölda**

2014	30.373
2013	29.781
2012	29.434
2011	28.849

### **Rekstur félagsins og húsnæði**

Skrifstofur VR eru í Reykjavík, Vestmannaeyjum, á Akranesi og Egilsstöðum. Starfsemin skiptist í fjögur svið sem eru kjaramálasvið, fjármála- og rekstrarsvið, þjónustu- og mannauðssvið og þróunarsvið. Formaður ber ábyrgð á rekstri félagsins ásamt stjórn þess. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri félagsins.

Í byrjun mars 2015 voru 55 starfandi hjá VR í 52 stöðugildum. Á árinu 2014 störfuðu tveir sumarstarfsmenn á skrifstofum félagsins.

### **Félagsstarf og fundir**

Fjöldi funda:

15	fundir í stjórn
3	fundir í trúnaðarráði
1	félagsfundur
16	fundir hjá Úrskurðanefnd

### **Sjúkrasjóður**

Árið 2014 greiddi VR 993 félagsmönnum 839.105.352 kr. í bætur og styrki úr sjúkrasjóði en árið 2013 voru þeir 1.118 að upphæð 785.546.407 kr. Að auki voru styrkir til stofnana og félagasamtaka, fræðslu- og fagfélaga 2014 8.873.986 kr. en 2013 voru greiðslurnar 14.433.083 kr.

Dánarbætur voru 38.326.167 kr. greiddar til 83 félagsmanna árið 2014 en 26.713.266 kr. til 78 félagsmanna árið 2013.

Sjúkra- og dagpeningar voru 765.747.737 kr. greiddar til 813 félagsmanna árið 2014 en árið 2013 voru 718.310.680 kr. greiddar til 829 félagsmanna.

Örorkubætur voru 21.230.683 kr. greiddar til 23 félagsmanna árið 2014 en árið 2013 voru 18.434.633 kr. greiddar til 14 félagsmanna.

Aðrir styrkir til sjóðsfélaga voru 13.800.765 kr. til 91 félagsmanna árið 2014 en árið 2013 voru greiddar 22.087.828 kr. til 237 félagsmanna.

VR er í samstarfi við VIRK starfsendurhæfingu og voru 300 nýskráðir í þjónustu VIRK hjá VR árið 2014 en 244 árið 2013.

### **Orlofssjóður og rekstur orlofshúsa**

Á árinu 2014 voru 45 orlofshús og íbúðir í eigu VR. Félagið tók 21 orlofshús og 1 hótélherbergi á leigu sama ár.

Nýting orlofshúsa VR í gistinóttum var árið 2014 10.787 nætur (eða 3.534 útleigur), en árið 2013 voru þær 10.705 nætur (eða 3.553 útleigur).

VR bauð félagsmönnum afslátt í flug með Icelandair og WOW air í formi afsláttarmiða. Alls voru seldir um 3.700 miðar á árinu 2014. Einnig keyptu tæplega 1.300 félagsmenn veiði- og útilegukort árið 2014 á niðurgreiddu verði.

### **Atvinnumál svæðisins**

Í ágúst 2012 tók VR formlega við þjónustu við atvinnulausa félagsmenn sem áður var á hendi Vinnumálastofnunar. Um þriggja ára tilraunaverkefni var að ræða en verkefninu lauk 30.apríl 2015.

Árið 2014 komu 1.002 atvinnuleitiendur í hvers kyns markmiða- og greiningarviðtöl til atvinnuráðgjafa. Alls mættu 1.141 á 26 boðaða kynningarfundum og 1.135 á 20 starfsleitarfundum. Alls luku 424 námskeiðinu Starfsleitarstofa en var það námskeið skipulagt af VR í samstarfi við Mími símenntun.

### **Samskipti við atvinnurekendur**

Málafjöldi hjá kjaramálaráðgjöfum VR á árinu 2014 voru 1.512 samanborið við 1.417 mál árið 2013. Fjölgun milli ára er því tæplega 7%. Málafjöldi á árunum 2011 – 2013 var mjög svipaður en árið 2014 og þróunin á fyrstu mánuðum ársins 2015 gefa til kynna að málum sé að fjölga á nýjan leik. Tölur síðustu ára benda til þess að fylgni sé milli málafjölda á kjaramálasviði VR og hreyfanleika á vinnumarkaði, að hrunárunum 2008 – 2009 undanskyldum en þá var málafjöldi í sögulegu hámarki. Aukning á fjölda mála á kjaramálasviði VR kann þannig að vera til marks um aukinn hreyfanleika á vinnumarkaði sem er kærkomin breyting frá þeirri stöðnun sem einkennt hefur markaðinn frá hrúni.

Um áramótin 2014 – 2015 var félagið með 112 mál í vinnslu, þar af 43 sem voru komin til meðhöndlunar hjá lögmanni félagsins. Af þessum 112 málum má rekja 103 til árána 2013 og 2014 en níu eru eldri.

Árið 2014 var að mörgu leyti nokkuð hefðbundið, flest málanna sem komu til kasta sérfræðinga kjaramálasviðs sneru að uppsögnum starfsmanna og ágreiningi í tengslum við það, en auk þess valda orlofsgreiðslur við starfslok oft deilum sem leita þarf aðstoðar sérfræðinga félagsins til að leysa. Þá eru samskipti á vinnustöðum málaflokkur sem hefur aukist að umfangi síðustu ár og bærust kjaramálasviði nokkur slík mál til úrlausnar á árinu 2014.

### **Fræðslumál**

VR bauð uppá 21 fyrirlestur og námskeið fyrir félagsmenn á starfsárinu og sóttu þau rúmlega 540 félagsmenn á árinu 2014. Þá voru haldin 9 námskeið sérstaklega fyrir trúnaðarmenn félagsins. Undanfarin ár hefur VR einnig staðið fyrir kynningum á réttindum og skyldum fyrir nemendur grunn- og framhaldsskóla á félagasvæði VR. Alls voru haldnar 46 kynningar fyrir 1.600 nemendur á starfsárinu 2014 – 2015.

Nýtt verkefni félagsins leit dagsins ljós árið 2014 er ber nafnið VR- Skóli lífsins, sem hefur það að markmiði að undirbúa ungt fólk fyrir þátttöku á vinnumarkaðnum. Skólinn er ætlaður ungmennum á aldrinum 16 til 24 ára og er ekki bundinn við stéttafélagsaðild. Um miðjan mars 2015 höfðu 245 ungmenni lokið námi en 570 voru við nám.

Umsóknir um starfsmenntastyrki frá félagsmönnum voru 7.502 árið 2014 en 6.033. En greiddar voru 317 milljónir króna í starfsmenntastyrki árið 2014 en árið 2013 voru greiddar 184 milljónir. Er það 73% aukning milli ára.

Aukningu á milli árána 2013 og 2014 má að stærstum hluta rekja til breytinga á reglum Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks.

Nýjar reglur sjóðsins taka að fullu gildi árið 2016, að undangengnum tveggja ára aðlögunartíma. Nýjar reglur kveða á um að félagsmenn eigi rétt á 90 þúsund króna styrk á ári og geti safnað allt að 270 þúsund krónum í styrk fyrir eitt samfellt nám, séu réttindin ekki nýtt í þrjú ár.

### **Annað**

Á aðalfundi þann 26. mars 2014 var samþykkt tillaga um 480 milljóna króna framlag í VR varasjóð fyrir árið 2013 auk viðbótarframlags að upphæð rúmlega átta milljónir króna vegna ársins 2012. Heildargreiðslur úr sjóðnum árið 2014 námu alls kr. 487.422.772 og fengu 14.330 einstaklingar greitt úr sjóðnum. Langstærstur hluti fór til forvarna eða tæplega 208 milljónir króna. Árið 2013 námu greiðslur alls kr. 483.712.490 og fengu 13.753 einstaklingar greitt úr sjóðnum.

## **FÉLAG VERSLUNAR- OG SKRIFSTOFUFÓLKS AKUREYRI OG NÁGRENNI**

### **Þróun félagsmannafjölda**

Fjölgað hefur í félaginu á undandanförnum tveimur árum um tæp 2%, fullgildir félagsmenn voru um síðustu áramót 2115 þar af 318 lífeyrisþegar. Konur eru rúmlega 64% félagsmanna.

### **Rekstur félagsins og húsnæði**

Rekstur félagsins hefur gengið bærilega undanfarin ár, iðgjaldtekjur hækkuðu um 5,7% milli síðustu ára og voru um 152 milljónir á síðasta ári, auk annarra tekna upp á 9 milljónir. Félagið er með fjóra starfsmenn í 3,6 stöðugildum. Á Siglufirði reka nokkur stéttarfélög sameiginlega skrifstofu, hlutur FVSA í rekstrinum er 11%.

### **Félagsstarf og fundir**

Fimm manna félagsstjórn ásamt þremur varamönnum fundar reglulega. Trúnaðarráð skipað 21 félaga fundar 2-3 sinnum á ári. Almennir félagsfundir 1-2 á ári, auk þess vinnustaðafundir og fundir með einstökum starfsgreinum. Árlega er haldinn starfsdagur allra kjörinna fulltrúa félagsins og starfsmanna. Á þeim fundi kjósa félagslegir trúnaðarmenn FVSA 8 úr sínum röðum í Trúnaðarráð félagsins. Fundurinn er með blönduðu efni ætlaður bæði til gagns og gamans.

Skemmtiferð á vegum félagsins er farin árlega. Einnig er farið árlega í leikhúsfarð til nágrennabyggðalaga, boðið er lífeyrisþegum, trúnaðarmönnum á vinnustöðum og kjörnum fulltrúum félagsins. Félagið gefur út fréttablað og heldur úti heimasíðu. Félagið verður 85 ára 2. nóvember 2015

### **Sjúkrasjóður**

Umsvif sjúkrasjóðs fara vaxandi með ári hverju. Sjúkradagpeningar sem hlutfall af greiðslum til félagsmanna hefur farið vaxandi undanfarin ár, en nær öll innkoma í sjóðinn er endurgreidd til félagsmanna í formi ýmissa fyrirbyggjandi aðgerða og styrkja auk dagpeninga.

Árlegur styrkur til Mæðrastyrksnefndar Eyjafjarðarsvæðisins auk styrkja til ýmissa samfélagsverkefna og stofnana eru greiddir úr félagssjóði. Árvisst er að stéttarfélögin í Alþýðuhúsinu sameinist um stærri framlög í þessu sambandi.

### **Orlofssjóður og rekstur orlofshúsa**

Félagið á fjórar íbúðir við Mánatún í Reykjavík, þar af er ein nýtt fyrir fólk sem þarf að leita sér lækninga í borginni. Nýting íbúðanna er mjög góð. Á Illugastöðum á félagið 3 orlofshús, þau eru einnig í helgarleigu yfir vetrarmánuðina. Þá á félagið stórt og glæsilegt frístundahús í Vaglaskógi.

Auk þess tekur félagið nokkur orlofshús á leigu yfir sumarmánuðina. Orlofsstyrkjum og útilegukortum er úthlutað. Gisting á Edduhótelum og Fosshótelum er niðurgreidd til félagsmanna. Veiðikortið og miðar í Hvalfjarðargöng eru til sölu á hagstæðum kjörum á skrifstofunni.

### **Atvinnumál svæðisins**

Atvinnuleysi meðal félagsmanna var mjög svipað í fyrra og á árinu áður. Að meðaltali greiddu 64 félagsgjöld af atvinnuleysisbótum til félagsins, flestir 75 í mars og apríl en fæstir í september 45.

Fyrirtækjum á starfssvæðinu hefur fjölgað um 31 síðustu tvö árin og voru 513 um síðustu áramót, aðeins eitt fyrirtæki er með yfir 200 FVSA félaga en langflest með einn til fjóra.

Mjög margir félagsmenn eru í hlutastörfum. Nærri 400 félagsmenn greiddu félagsgjald af lægri upphæð en 100 þúsund á mánuði og um helmingur félagsmanna af 200 þúsund eða minna á árinu 2014.

### **Samskipti við atvinnurekendur**

Samskipti við atvinnurekendur hafa verið í góðu lagi í langflestum tilfellum.



## Fræðslumál

Félagið er í samstarfi við önnur stéttarfélög á svæðinu með trúnaðarmannafræðslu og ýmis önnur námskeið. Á árinu 2014 voru 15 milljónir greiddar í styrki til 424 félagsmanna úr starfsmenntasjóðum verslunarmanna og er það mikil aukning frá árinu 2013 þar sem greiddar voru 6,5 milljónir til 299 félagsmanna, helstu ástæður fyrir þessari aukningu má rekja til breytinga á úthlutunarreglum SVS og aukin áhersla var lögð á að koma upplýsingum til félagsmanna um starfsmenntasjóðina.

## Annað

Stéttarfélagin við Eyjafjörð standa sameiginlega að hátíðahöldum 1. maí og skiptast á að vera í forsvari fyrir 1. maí nefndinni. Félagið er aðili að Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar, Símei, Virk starfsendurhæfingu við Eyjafjörð, Ráðgjafatorgi Akureyrarbæjar og Fjölsmiðjunni á Akureyri. Félagið fór í samstarf við VR um VR-skóla lífsins og hefur það gengið vel og þátttakendur verið mjög ánægðir með framtakið.

## VERSLUNARMANNAFÉLAG SUÐURNESJA

### Þróun félagsmannafjölda og atvinnulausra

Fjölgun félagsmanna milli áráanna 2013-2014 var um 4% og milli áráanna 2014 og 2015 var hún um 2%.

Fjöldi félagsmanna
2013 1.198
2014 1.247
2015 1.273

Hins vegar hefur atvinnulausum félagsmönnum fækkað talsvert frá hrúni. Í ágúst 2013 voru atvinnulausir félagsmenn 61 á sama tíma 2014 voru atvinnulausir félagsmenn 53 og í ágúst 2015 eru þeir 38 sem er um 3,2%. Atvinnuleysi á Suðurnesjum er í ágúst 2015 3%.

### Rekstur félagsins og húsnæði

Rekstur félagsins er í ágætu jafnvægi, skilar jákvæðri niðurstöðu og hefur gert undanfarin ár. Hagnaður félagsins árið 2013 var rúmar 22 milljónir og rúmar 29 milljónir 2014 Starfsemi félagsins er í húsnæði í eigu sjúkrasjóðs

### Félagsstarf og fundir

Stjórnarfundir eru haldnir einu sinni í mánuði nema yfir hásumarið. Einnig eru haldnir sameiginlegir fundir stjórnar og trúnaðarráðs sem hafa verið fleiri en oft áður vegna þeirra kjarasamninga sem gerðir voru á tímabilinu. Þá á félagið einnig fulltrúa í ýmsum stjórnnum utan félagsins s.s. MSS, Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum og fl.

### Starfsemi sjúkrasjóðs

Sjúkrasjóður er vel nýttur af félagsmönnum. Tekin var ákvörðun um það fyrir nokkrum árum að 40% af iðgjaldi í sjúkrasjóð væri sérmerkt hverjum félagsmanni. Félagsmaðurinn gæti ráðsstafað þeim fjármunum á þann hátt sem hann sjálfur kys en þó þannig að það tengist heilbrigðis- og forvarnarmálum á einhvern hátt. Bótageiðslur hafa hækkaði talsvert milli áráanna 2013 og 2014 eða um 23%.

### Orlofssjóður og rekstur orlofshúsa

Valkostir VS í orlofsmálum eru ein íbúð á Akureyri, eitt hús í Svignaskarði, eitt hús í Ölfusborgum, eitt hús á Flúðum og tvö hús í Hraunborgum. Flest húsinn eru nýleg og í góðu ásigkomulagi.

### Atvinnumál á félagssvæðinu

Atvinnuleysi á félagssvæðinu er nú komið niður fyrir það sem það var fyrir hrún. Því er að þakka mikilli fjölgun starfa í FLE (Flugstöð Leifs Eiríkssonar) þar sem nú er skortur á starfsfólki. Framundan er bygging tveggja kísilmálmverksmiðja, annað er þegar farið af stað og reiknað er

með að bygging þess síðara hefjist fljótlega á nýju ári. Þetta er mikil breyting frá hrúni þegar að atvinnuleysi fór upp í 14%.

### **Fræðslumál**

Frá því að MSS (miðstöð símenntunar á Suðurnesjum) var stofnuð árið 1997 hefur menntun og fræðsla sem rekin var af félaginu færst alfarið yfir til miðstöðvarinnar. Lengi vel höfum við stutt vel við bakið á félagsmönnum okkar sem hafa annað tungumál sem móðurmál en það er hins vegar að breytast eftir að gerðar voru breytingar á starfsmenntasjóði verslunarfólks sem auka rétt félagsmanna verulega.

### **Útgáfu og kynningarmál**

Félagið hefur sent félagsmönnum bækling einu sinni á ári þar sem kynntir eru orlofsvalkostir, aðalfundur og fl. Félagið er einnig með heimasíðu [www.vs.is](http://www.vs.is).

## **VERSLUNARMANNAFÉLAG SUÐURLANDS**

Verslunarmannafélag Suðurlands er 15 ára gamalt félag sem varð til við sameiningu tveggja verslunarmannafélaga á Suðurlandi, Vmf. Árnassýslu og Vmf. Rangárvallasýslu. Viss vandamál höfðu komið upp vegna smæðar beggja félaga og þá aðallega að því sem sneri að þjónustu við félagsmenn. Ákveðið var því að sameina félögin og var stofnfundur Vmf. Suðurlands haldinn 15. maí 2000. Starfssvæði félagsins er frá Skeiðarársandi í austri að Selvogi í vestri og upp til Kerlingarfjalla og Veiðivatna eða Vestur Skaftafellssýsla, Rangárvallasýsla og Árnassýsla. Stærð svæðisins er um 24.256 km<sup>2</sup> og vegalengd frá austri til vesturs um 280 km Íbúafjöldinn um 20.000. Stærsta svæðið er Árnassýsla með rúmlega 15.000 manns

### **Þróun félagsmannafjölda og atvinnulausra**

Tala félagsmanna fór mjög niður við hrúnið bæði var það að þó nokkur fyrirtæki hættu starfsemi og svo hitt að fækkað var mjög afgreiðslufólki í verslunum. Það er ekki fyrr en á árinu 2015 sem við sjáum teikn á lofti um að heldur sé að fjölga aftur félagsmönnum. Einnig er ferðabjónustan mjög vaxandi á svæðinu en fjölgun félaga til VMS er fremur hæg í þeirri grein. Einn stór liður í þessari þróun er sá að stéttarfélög utan svæðis þ.a.s. félög sem hafa annað starfssvæði hafa seilst inn á þessa lögbodnu svæðaskiptingu sem er yfirleitt í fyrstu grein laga hvers stéttarfélag og eru komnir með stóra hlutdeild félagsmanna á viðkomandi svæði. Þetta veldur því að mörg af minni stéttarfélagunum eiga í erfiðleikum með að uppfylla skyldur sínar sem vörslumenn samninga og þjónustu við fólk á svæðinu.

Fjöldi félagsmanna árið 2013 voru 1.056, 2014 1.091 og í október 2015 samtals 964.

### **Rekstur félagsins og húsnæði**

Rekstur félagsins hefur verið í járnnum undanfarin ár en vonandi verður 2015 hagfellt félaginu. VMS er rekstraraðili að hluta í Þjónustuskrifstofu stéttarfélaganna á Suðurlandi ásamt Bárúnni stéttarfélagi og FIT (félagi iðn og tæknigreina) Á skrifstofunni vinna sjö manns þar af eru þrír sem vinna hjá VIRK. Starfsmenn skrifstofunnar sinna ýmsum verkefnum svo sem bókhaldi, almennri þjónustu við félagsmenn, útreikningi krafna og umsjón með starfsmenntasjóði verslunar og skrifstofufólks. Einn er sá liður í starfi skrifstofunnar sem fer sístækkandi en það er vinnustaðaeftirlitið nú eru fjórir starfsmenn með staðfestingu sem vinnueftirlitsfulltrúar og reynt er að fara reglulega í eftirlitsferðir um svæðið. Þessar ferðir eru stundum farnar í samstarfi við ríkisskattstjóra og gott samsarf er á milli vinnueftirlits og heilbrigðiseftirlits og fulltrúa okkar. Frá þessu eftirliti eru komin ýmis mál sem hafa farið sína leið í kerfinu þar má t.d. geta um mansalsmál sem er í ferli hjá lögreglu. Aukin áhersla verður lögð á þetta víðtæka samstarf í framtíðinni. Þó mælanlegur árangur af þessu starfi sé ekki til er alveg ljóst að þessar heimsóknir eru að bera árangur, því starfsstéttir eru farnar að kalla eftir því að við höldum fundi til að fara yfir kjarasamninga fyrir viðkomandi greinar. Fulltrúar VIRK starfa hér á skrifstofunni en fara vikulega í ýmsar útstöðvar á félagssvæðinu enda er svæðið víðfemt. Verslunarmannafélag Suðurlands er eigandi að 30% hlut í efstu hæðinni í húsinu að Austurvegi 56, Selfossi á móti Bárúnni stéttarfélagi sem á 50% og Fit sem á 20%.

## Félagsstarf og fundir

Hefðbundnir stjórnarfundir VMS eru haldnir síðasta þriðjudag í mánuði nema í júní og júlí og eftir atvikum svo sem þurfa þykir. Árið 2014 voru haldnir auk þrettán stjórnarfunda tveir félagsfundir, tveir trúnaðarráðsfundir og sextíu og átta vinnustaðafundir og heimsóknir. Það sem af er þessu ári hafa verið haldnir níu stjórnarfundir, tveir félagsfundir, og þrjátíu og tveir vinnustaðafundir þar sem rætt er bæði við atvinnurekendur og starfsfólk.

Verslunarmannafélagið hefur staðið fyrir stórum almennum fundum, til dæmis héldum við tvo fundi árið 2012 um stöðu verslunar á Suðurlandi. Í framhaldi af því fund vorið 2014 um verslun á Suðurlandi, þarfir hennar, hvað starfsmenn áhrærir og tillögur um námskeið og aðra menntun sem atvinnulífið á svæðinu kallar eftir. Vorið 2015 héldum við fund um nýja Ölfusárbrú og áhrif hennar á stöðu verslunar á Selfossi þar sem þjóðvegur 1 færir frá bænum með tilkomu nýju brúarinnar. Þessir fundir voru vel sóttir og skoðanir manna skiptar. Húsfyllir varð á öllum þessum fundum. Í samstarfið við Bárúna stéttarfélag höfum við haldið kjararáðstefnu í aðdraganda kjarasamninga ásamt því að halda sameiginlegt málþing trúnaðarmanna beggja félaganna. Í desember ár hvert er haldin sameiginleg hátíð þar sem smá dagskrá er á léttum nótum og svo borðum við saman og jólagjafir eru færðar trúnaðarmönnum.

Trúnaðarmannanámskeið eru haldin með aðkomu ASÍ og er það í samvinnu þriggja félaga VMS, Bárúnnar og Verkalýðsfélags Suðurlands. Í samvinnu við önnur stéttarfélög er haldið upp á 1. maí með kröfugöngu og kaffi. Mikil þátttaka er á þessari hátíð fimm til áttahundruð manns. Mikið samstarf er milli VMS og Fræðslunets Suðurlands og höfum við auglýst og kynnt fyrir fólkinu okkar raunfærnimatið skrifstofuskólann og fl. Samstarfið mun halda áfram því í undirbúningi er vottaðar námsleiðir fyrir verslunargeirann. Tveir fulltrúar VMS eru í nefndum Fræðslunetsins, Háskólasamfélagsins, SASS og atvinnurekenda um hvernig megi bæta menntun fólks á Suðurlandi, sem er alltof lítil. Gefin var út skýrsla um ransókn á viðhorf barna og foreldra í efsta bekk grunnskóla og fyrsta bekk framhaldsskóla á svæðinu um þarfir atvinnulífsins og áhugasvið nemenda og væntingar foreldra. Framhald þessa var m.a. „menntamessa“ sem halda á tveggja ára fresti. Þar setja fyrirtæki svæðisins upp kynningu fyrir þessa nemendur og aðra, á fyrirtækjunum sjálfum, þörfum þeirra á vinnuafli í framtíðinni og hvaða nám þarf til að fullnægja þeim þörfum.

## Orlofssjóður

Sjúkrasjóðurinn hefur átt verulega undir högg að sækja á síðustu árum. Við bættum í ýmsa styrki eftir hrúnið en höfum á síðari árum lagt meiri áherslu að styrkja líkamsrækt og fyrirbyggjandi baráttu við sjúkdóma. Sjúkrasjóður VMS greiðir sjúkradagpeninga í allt að eitthundrað og áttatíu daga. Árið 2014 voru útgreiðslur sjóðsins mjög miklar og náði það fram á vordaga 2015 en síðan hefur dregið úr greiðslum. Mest er um tvennskonar sjúkdóma þ.e. sálræna og stoðkerfis. Það er áhyggjuefni að talsverð aukning hefur orðið hjá yngra fólki með sálrænu vandamál. Úrræðaleysi er algjört að því sem snýr að þeim hópi fólks sem við hjá VMS finnum að er að brenna út í starfi. Engar leiðir færar fyrr en viðkomandi er óvinnufær og kominn með vottorð frá lækni þar um. Þá fyrst opnast gátt VIRK en þá er það oft of seint. Verðmætast er að viðkomandi falli ekki úr vinnu.

## Orlofssjóður og rekstur orlofshúsa

Orlofssjóður VMS á sumarbústaði. Annar bústaðurinn Rangársel er Reykjaskógi í Biskupstungum. Sá bústaður er fimmtíu og fimm fermetrar og er með svefnpláss fyrir átta manns. Hinn bústaðurinn Flúðasel er í Högnastaðaási á Flúðum í Hrunamannahreppi. Sá bústaður er fyrir allt að tíu manns og er hann tæpir áttatíu fermetrar. Báðir bústaðirnir eru búnir öllum þeim búnaði sem nútímakröfur gera, m.a. heitir pottar, gasgrill, þvottavélar, uppþvottavélar o.fl. Húsin eru leigð út í viku í senn yfir sumarið en á öðrum tímum er helgarleiga. Nýting bústaðanna er mjög góð, þó auðvitað komi einhverjar eiður í vetrarleigurnar. Báðir bústaðirnir eru í afar fallegu umhverfi þar sem stutt er í alla þá þjónustu sem þarf.

## Atvinnumál svæðisins

Almennt atvinnuástand á Suðurlandi er allgott. Á austurhluta svæðisins þ.e. V- Skaftafells- og Rangárvallasýslu er almennt skortur á vinnuafli. Gríðarleg aukning hefur orðið í ferðaþjónustunni og breytingar. Breytingarnar felast í því að þeir gististaðir og hótél sem til skamms tíma voru aðeins rekin yfir sumarmánuðina og voru með starfsfólk á tímabundnum

ráðningarsamningi eru nú orðin með heilsárs rekstur sem kallar aftur á vant starfsfólk allt árið. Þar hafa innviðir byggðalaganna ekki fylgt eftir og má þar nefna skort á húsnæði, heilbrigðisþjónustu, nettengingu og fleira, sem fólk gerir kröfu um ef það ætlar að flytja með fjölskyldur á staðinn. Verbúðarlífið þar sem dvalið er í skamman tíma í herbergi með sameiginlegri hreinlætis- og eldunaraðstöðu hefur gengið sér til húðar að miklu leiti, fjölskyldur gera meiri kröfur. Á meðan þetta ástand ríkir verður að manna þessi störf mestmegnis á útlendingum sem starfa í skamman tíma. Uppsveitir Árnessýslu búa að hluta til við sömu vandamál og austursvæðið hvað húsnæðiseklu varðar. Þar er garðyrkjan og ferðaþjónustan mönnum að miklu leiti á útlendingum. Árborgarsvæðið býr að nálægðinni við höfuðborgarsvæðið í atvinnu og búsetulegu tilliti, þó eru sömu vandamál á leigumarkaðnum þar og er annarstaðar á svæðinu. Fækkun starfsfólks eftir hrúnið hefur valdið því að meira álag er á starfsmönnum og þá sérstaklega í versluninni. Hugsanlega er það ein skýring á auknum umsóknum í sjúkrasjóð, þar eru stoðkerfisvandamál að koma fram sé þessi.

### **Samskipti við atvinnurekendur**

Verslunarmannafélag Suðurlands í samvinnu við önnur félög og ASÍ verið með námskeið fyrir trúnaðarmenn hin ýmsu stig eftir atvikum og hafa þau verið haldin í salnum okkar að Austurvegi 56. Við höfum haldið fræðslufundi með atvinnurekendum og bókhaldsskrifstofum um kjarasamningana og gerð launaseðla og ráðningasamninga. Einnig förum við í fyrirtæki og förum yfir réttindi og skyldur starfsfólks og kynnum félögin sem starfsmenn eiga að vera í. Haldið er úti kynningum í tíunda bekk og í framhaldsskólum og er svo komið að við förum í flest alla skóla á þessu stigi í Árnessýslu. Við höfum verið í samstarfi við Fræðslunet Suðurlands um raunfærnimat í verslunar og skrifstofugreinum. Einnig hefur verið gert stutt námskeið fyrir starfsfólk í verslunum. Við höfum haldið „Dag trúnaðarmannsinn“ þar sem farið er yfir ýmis tilfallandi atrið með aðkeyptri kennslu ásamt fulltrúa frá Félagsmálaskólanum. Starfsmenn þjónustuskrifstofunnar fer svo á tveggja daga námskeið með lögfræðingi og öðrum fyrirlesurum og fyrir tekin ýmis mál sem koma upp á skrifstofunni. Þetta námskeið er haldið einhverstaðar á félagssvæðinu og dvalið á hóteli um nóttina.

### **Fræðslumál**

Félagið heldur úti heimasíðu og facebook síðu einnig höfum við gefið út blaðið Eljuna með Bárunni stéttarfélagi. Formaðurinn hefur svo skrifað fjöldamargar greinar í héraðsblöðin um ýmis málefni sem varða félagsmenn VMS.

### **Annað**

Til að ná utan um þau mál sem unnin eru á vegum félagsins og er kynnt hér á undan er nauðsynlegt að vera í nánu sambandi og samvinnu við önnur félög. Með tilkomu Þjónustuskrifstofu stéttarfélaganna á Suðurlandi opnuðust möguleikar á því að stórauka þjónustu VMS á öllum sviðum og það skilar sér í ánægðum félagsmönnum og öðrum þeim sem þjónustunnar njóta.

## **VERSLUNARMANNAFÉLAG SKAGAFJARÐAR**

### **Þróun félagsmannafjölda**

Félagsmannafjöldi hefur haldist frekar stöðugur. Í árslok 2013 voru þeir 148 en í árslok 2014 voru þeir 161. Sem fyrr eru konur 2/3 af félagsmönnum. Atvinnuleysi er nánast ekkert hjá félagsmönnum.

### **Rekstur félagsins og húsnæði**

Hagnaður félagsins árið 2013 var rúmlega 8,6 milljónir, þar af voru fjármagnstekjur 5,5 milljónir. Árið 2014 var hagnaðurinn rúmlega 300 þúsund og þar af voru fjármagnstekjurnar 4 milljónir. Helgast þetta fyrst og fremst af miklum greiðslum úr sjúkrasjóði félagsins. Eignir félagsins í árslok 2014 voru rúmlega 174 milljónir.

## **Félagsstarf og fundir**

Haldnir eru 7-9 stjórnarfundir á ári í félaginu, síðan eru haldnir fundir í trúnaðarráði eins og þarf hverju sinni. Almennir félagsfundir auk aðalfundar eru síðan 1-2 á hverju ári.

## **Sjúkrasjóður**

Rekstur sjóðsins hefur verið svipaður undanfarin ár en sl. 2 ár hafa þó verið að aukast greiðslur sjúkradagpeninga hvort sem að ástandinu í þjóðfélaginu er um að kenna eða ekki. Félagið greiðir einnig út ýmsa styrki s.s. til sjúkráþjálfunar, sjúkranudds, líkamsræktar, krabbameinsskoðunar o.fl. Á hverju ári eru í kringum 100 afgreiðslur úr sjúkrasjóðnum. Tekjur sjóðsins hafa alltaf verið meiri en útgreiðslur þannig að peningaleg staða sjóðsins er ágæt. Hrein peningaleg eign um sl. áramót var rúmlega 99 milljónir. Þá hefur sjóðurinn átt um langt árabíl íbúð í Reykjavík ásamt hinum stéttarfélagunum í Skagafirði sem að leigð er út til þeirra sem að þurfa að leita sér lækningar á höfuðborgarsvæðinu. Sjóðurinn lét gera tryggingafræðilega úttekt á stöðu sjóðsins 2012 og kom hann mjög vel út úr þeirri úttekt og getur staðið fullkomlega við sínar lögbundnu skuldbindingar.

## **Orlofssjóður og rekstur orlofshúsa**

Félagið á sumarhús í Varmahlíð í Skagafirði ásamt Öldunni stéttarfélagi og einnig íbúð í Reykjavík ásamt hinum stéttarfélagunum í Skagafirði til almennrar útleigu til félagsmanna. Þá hefur félagið um greitt um nokkurra ára skeið orlofsstyrki sem að vegur upp á móti því að félagið á ekki nema eitt orlofshús til almennrar útleigu. Um 30-40 félagsmenn nýta sér þessa orlofsstyrki árlega. Á árinu 2014 námu þessir styrkir um 437 þúsund kr.

## **Atvinnumál svæðisins**

Atvinnumál hjá félagsmönnum hafa verið í þokkalegu ástandi árin 2013-2014 og ekki mikið atvinnuleysi sem segir þó ekki alla söguna og fækkun félagsmanna segir okkur að ef fólk missir vinnuna í þessum geira þá fer það yfir í aðra vinnu eða flytur jafnvel burtu af svæðinu. Verslunarmannafélagið hefur ekki þurft að lýsa neinni kröfu í þrotabú á þessu tímabili. Hins vegar hefur lítil sem engin fjölgun fyrirtækja verið í þessari flóru.

## **Samskipti við atvinnurekendur**

Samskipti við atvinnurekendur hafa gengið nokkuð vel fyrir sig á þessu tímabili. Of mikið er um að fólk fái einungis greitt eftir lágmarkstöxtum og lítið við því að gera. Kaupfélag Skagfirðinga er langstærsti atvinnurekandinn á svæðinu og rekur jafnframt stærstu verslanirnar.

## **Fræðslumál**

Félagið hefur verið í samvinnu við Farskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki og styrkt þar námskeið sem hafa verið í gangi fyrir félagsmenn. Félagið hefur einnig veitt Farskólanum rekstrarstyrk árlega. Þá hefur verið töluverð ásókn í styrki til starfsmenntasjóðs sem er mjög af hinu góða. 20 – 30 félagsmenn nýta sér árlega styrki úr sjóðnum. Félagsmenn eru duglegir bæði við starfstengt nám og tólmstundanámskeið.

## **Annað**

Félagið er í samstarfi við skrifstofu stéttarfélaganna í Skagafirði ásamt Öldunni- stéttarfélagi og Starfsmannafélagi Skagafjarðar. Starfsmenn skrifstofunnar sjá um allan daglegan rekstur og umsýslu fyrir félagið, túlkun kjarasamninga og alla almenna þjónustu við félagsmenn. Félögin halda einnig úti sameiginlegri heimasíðu [www.stettarfelag.is](http://www.stettarfelag.is).

## **VERKALÝÐSFÉLAG VESTFIRÐINGA, DEILD VERSLUNARMANNA**

### **Þróun félagsmannafjölda og atvinnulausra**

Félagsmenn verslunardeildar Verk Vest hefur verið nokkuð áþekkur árin 2013 - 2015. Félagsmenn (meðalfjöldi) verslunardeildar árið 2013 voru 355 þar af voru karlar 108 og konur 247. Árið 2014 var meðalfjöldi félagsmanna verslunardeildar 295 þar af voru karlar 91 og konur 204. Heildar(meðal)fjöldi félagsmanna árið 2013 var 1.584 en 1.679 árið 2014.

Skv. opinberum tölum frá vinnumálastofnun þá hefur atvinnuleysi verið í nokkru jafnvægi það sem af er árs. En samanborið við 2014 hefur það aukist nokkuð ef bornir eru saman ágúst 2014 með 1,4% atvinnuleysi við ágúst 2015 með 2,1% atvinnuleysi. Atvinnuleysis hjá konu er 0,5% meira en hjá körlum einungis 5 störf voru í boði í ágúst 2015 á móti 24 lausum störfum í ágúst 2014. Meðalfjöldi atvinnulausra í ágúst 2015 voru 75 á móti 25 í ágúst 2014. Hlutfallslegt atvinnuleysi er 1,9% árið 2015 á móti 1,2% árið 2014.

### **Rekstur félagsins og húsnæði**

Félagið er með tvær skrifstofur. Aðalskrifstofa er í Pólgötu 2 á Ísafirði þar sem opið er alla virka daga frá kl.08.00 – 16.00. Fjöldi starfsmanna á Ísafirði eru 6 og vistar skrifstofan einnig ráðgjafa Virk á Vestfjörðum. Útibú er í Aðalstræti 5 á Patreksfirði þar sem opið er alla daga frá kl.12.00 – 16.00 alla virka daga. Einn starfsmaður er hjá félaginu á Patreksfirði.

Heildariðgjöld og fjármagnstekjur voru 194,2 mkr. árið 2014 og rekstrargjöld voru 183,4 mkr. árið 2014.

### **Félagsstarf og fundir**

Vegna kjaraviðræðna 2013 - 14 og verkfallsboðunar 2015 hefur verið fundað oftast en í venjulegu ári, sérstaklega hjá trúnaðarráði félagsins. Einnig hafa verið haldnir mun fleiri félagsfundir af sömu ástæðu. Að öðru leiti fundar félagsstjórn fyrsta þriðjudag hvers mánaðar.

### **Starfsemi sjúkrasjóðs**

Stjórn sjúkrasjóðs fundar í 3ju viku hvers mánaðar. Mikil fjölgun styrkumsókna hefur verið allt frá árinu 2010, vega umsóknir um dagpeninga þyngst sem hafa farið úr 21,5 mkr. árið 2010 í 48,8 mkr. vegna ársins 2014. Einnig eru félagsmenn duglegir að nýta iðgjaldartengda styrki og hafa greiðslur aukist úr 2,7 mkr. í 4,5 mkr. fyrir sama tímabil. Vert er að benda á að árið 2014 voru gjöld umfram tekjur 20,1 mkr. og sjóðurinn því rekinn með 15,6 mkr. tapi. Að öðru leiti er rekstur sjóðsins með nokkuð hefðbundnu sniði.

### **Orlofssjóður og rekstur orlofshúsa**

Félagið á og rekur 5 orlofsíbúðir í Reykjavík, eina íbúð á Akureyri og einbýlishús með veislusal á Suðureyri. Einnig er félagið þátttakandi í orlofsbyggðunum á Einarstöðum, Flókalundi, Illugastöðum, Svignaskarði og Ölfusborgum með all 10 sumarbústaði. Þá á félagið íbúð í samstarfi við þrjú önnur stéttarfélag í Los Arenales á Spáni.

Íbúðir eru mjög vel nýttar allt árið einnig sumarhús í Svignaskarði. Aðrir staðir eru með lakari nýtingu. Rekstur sjóðsins er með nokkuð hefðbundnu sniði. Iðgjöld og leigutekjur árið 2014 voru 33 mkr. og rekstrargjöld 34,3 mkr. Rétt er að benda á að stjórn félagsins tók þá meðvituðu ákvörðun á árinu 2009 að halda aftur af hækkun á útleigu til félagsmanna en nú er fyrirsjáanlegt að nokkur hækkun þurfi að verða á útleigu til að standa betur undir rekstri.

### **Atvinnumál á félagssvæðinu**

Smærri verslunar og þjónustufyrirtæki eiga undir högg að sækja, ekki fjölgun starfa. Sveitafélög og ríkisstofnanir að verða æ stærrí hluti af grunnatvinnuvegum í smærri sveitafélögum ásamt sjávarútvegi sem er ennþá nokkuð öflugur, sérstaklega á norðanverðu félagssvæðinu.

### **Fræðslumál**

Regluleg kjarasamningsbundin námskeið trúnaðarmanna, kjaramálanámskeið ásamt námskeiðshaldi um starfsemi og hlutverki stéttarféлага fyrir starfsfólk, stjórn og trúnaðarráð. Samstarfsnámskeið með Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Landnemaskólinn o.fl.

## Útgáfu og kynningarmál

Félagsblað, heimsíða, Fésbókarsíða ásamt útgáfu kynningarbæklinga um starfsemi félags. Kynningar í vinnuskólum á félagssvæðinu. Ekki með kynningar í grunn- eða framhaldsskólum, þar hefur ekki verið áhugi fyrir kynningu frá stéttarfélagi.

## Annað

Stjórn Verk Vest telur að LÍV verði að setja á oddinn samstarf við önnur landssambönd ASÍ um rétta skráningu félagsaðildar út frá kjarasamningum og starfsgreinum. Verkfallsátök liðins árs og kjaraviðræður vetrarins 2013 – 14 sýndi þörfina með glöggum hætti.

## AFL STARFSGREINAFÉLAG, DEILD VERSLUNARMANNA

### Þróun félagsmannafjölda og atvinnulausra

Ár	Greiðandi			Gjaldfrjálsir			Heildar fjöldi
	Karlar	Konur	Samtals	Karlar	Konur	Samtals	
2013	57	106	163	5	23	28	191
2014	68	150	218	7	25	32	250
2015	66	152	218	7	27	34	252

### Rekstur félagsins og húsnæði

Rekstur félagsins er í jafnvægi og traustur. Félagið rekur 7 þjónustuskrifstofur á svæðinu frá Höfn í Hornafirði og norður til Bakkafjarðar. Hjá félaginu starfa 15 starfsmenn, flestir í fullu starfi en þar af 2 VIRK ráðgjafar.

### Félagsstarf og fundir

Verslunarmannadeildin er ein af fjórum deildum félagsins og er bæði hluti af félagsstarfi heildarfélagins og sérmálum deildarinnar. Haldin eru trúnaðarmannanámsskeið tvisvar á ári, annars vegar á vorin og hins vegar á haustin. Jafnframt er ársfundur trúnaðarmanna haldinn einu sinni á ári og þar yfirleitt eitthvað þema umfjöllunarefni. Stjórn deildarinnar fundar eftir þörfum aðalstjórn félagsins ca. 10 sinnum á ári.

### Starfsemi sjúkrasjóðs

Félagið hefur á að skipa öflugum sjúkrasjóði sem auk sjúkradagpeninga og dánarbóta greiðir ýmsa styrki. Fyrirferðamestir eru ferðir félagsmanna til lækninga úr fyrir svæðið auk sjúkrapjálfunarstyrkja og heilsueflingarstyrkja. Heildargreiðslur í styrkjum eru sambærilegar milli ára en lækkun á sjúkradagpeningum milli ára 2013 og 2014. Þetta árið stefna þeir í svipaða upphæð og var 2013.

### Orlofssjóður og rekstur orlofshúsa

Félagið hefur yfir að ráða öflugum orlofssjóði sem hefur einbeitt sér að útleigu orlofshúsa og orlofsíbúða. Stöðug ásókn er í íbúðir félagsins á Akureyri og í Reykjavík, bæði sem orlofsnotkun og ekki síður sem sjúkranotkun, en sjúkrasjóður á hlut í nokkrum íbúðum. Niðurskurður heilbrigðisþjónustu á félagssvæðinu þýðir bara eitt, fleiri þurfa að sækja sér heilbrigðisþjónustu á stærri sjúkrahúsin.

Orlofssjóðurinn býður jafnframt upp á aðra orlofskosti s.s. ódýrari gistingu á hótél, útleigu- og veiðikort og fleira.

### Atvinnumál á félagssvæðinu

Atvinnuástand er þokkalegt á svæðinu og ágætt í umhverfi verslunarmanna.

### Fræðslumál

Auk þess sem að framan greinir er félagið í samstarfi við Austurbrú og Fræðslunet Suðurlands um ýmis fræðsluverkefni.

## Útgáfu og kynningarmál

Félagið rekur heimasíðu og hefur gefið út 5 fréttabréf á árinu. Fréttabréfin eru borin út í öll hús á félagssvæðinu. Einnig hefur félagið komið sér upp góðu skeytakerfi sem er nýtt til að koma fjöldapóstsendingum á valda hópa félagsmanna þegar þörf er á.

## Annað

AFL Starfsgreinafélag er deildarskipt félag og eru deildir þess: Verkamannadeild, Iðnaðarmannadeild, Sjómannadeild og Verslunarmannadeild.

## **FRAMSÝN STÉTTARFÉLAG. DEILD VERSLUNAR- OG SKRIFSTOFUFÓLKS**

### **Þróun félagsmannafjölda**

Á árinu 2014 greiddu 222 manns til félagsins, þar af eru konur í miklum meirihluta eða 165 á móti 57 karlmanni. Félagsmönnum innan deildarinnar hefur fjölgað um 18% á milli ára, hlutfallslega fleiri körlum heldur en konum.

Fjöldi félaga í júlí 2015 var 130.

### **Rekstur félagsins og húsnæði**

Skrifstofa stéttarfélaganna er rekin sameiginlega af stéttarfélagunum í Þingeyjarsýslum, auk þess sem Verkalýðsfélag Þórshafnar er með þjónustusamning við Skrifstofu stéttarfélaganna. Rekstur skrifstofunnar gengur vel, innheimta félagsgjalda var með svipuðu sniði og árið á undan. Almennu eru launagreiðendur samviskusamir að skila félagsgjöldum og mótfamlögum á réttum tíma. Formaður deildarinnar er ekki starfsmaður Stéttarfélagins og því staðsettur utan skrifstofu, í góðu sambandi við starfsfólk hennar.

### **Félagsstarf og fundir**

Jafnan eru haldnir fjórir stjórnarfundir á hverju ári auk aðalfundar deildarinnar sem haldinn er fyrir lok janúar ár hvert. Formaður deildarinnar situr einnig í stjórn Framsýnar og sækir þar stjórnarfundir. Formaður og varaformaður fóru í fyrirtækjaheimsóknir til félagsmanna. Auk þess voru fjölmargir opnir kynningarfundir fyrir félagsmenn Framsýnar sem verslunar- og skrifstofufólk sækja einnig. Framsýn heldur utan um félagsstarf og meðal fastra liða má nefna sumarferð félagsmanna, jólaboð stéttarfélaganna, fundir um kjaramál auk margvíslegra fræðslufunda.

Formaður deildarinnar sat þing ASÍ á árinu 2014 og haustfund Alþýðusambands Norðurlands auk formannafunda LÍV, svo fátt eitt sé nefnt.

### **Sjúkrasjóður**

Sjóðsfélagar Sjúkrasjóðs Framsýnar, stéttarfélags njóta fjölbreyttra réttinda hjá sjúkrasjóðnum í samræmi við reglugerð hans. Réttindi í sjóðnum miðast við greitt félagsgjald til sjóðsins hverju sinni og aðild umsækjanda að félaginu. Staða sjóðsins er sterk með fjölbreyttum réttindum.

Helstu réttindi eru;

Sjúkradagpeningar til sjóðsfélaga vegna eigin veikinda eða slysa  
Sjúkradagpeningar til sjóðsfélaga vegna veikinda eða slysa barna/maka  
Endurhæfing hjá NFLÍ Hveragerði eða sambærilegri stofnun  
Sjúkraþjálfun, dánarbætur, fæðingarstyrkur, glasafriðgun  
Krabbameinsskoðun og hjartaskoðun  
Heilsurækt, sálfræðiaðstoð, tækjastyrkir  
Niðurgreiðsla vegna augnaðgerða



## Orlofssjóður og rekstur orlofshúsa

Orlofsmál eru mikilvæg í starfi félagsins. Sameiginleg orlofsnefnd félaganna vinnur að því að bjóða félagsmönnum upp á marga góða kosti í orlofsmálum og má þar t.a.m. nefna orlofshús, gistiávisanir á Foss- og Edduhótelum, Hótel Keflavík, Hótel KEA, Hótel Norðurland, Gistihús Keflavíkur, Hótel Reykjavík Lights, Lamb-inn Öngulsstöðum, Ráðhúsið íbúðahótel Akureyri, á farfuglaheimilum, endurgreiðslu á gistikostnaði á tjaldsvæðum og vegna kaupa á útilegukortum. Félagið á og rekur þrjár íbúðir í Þorrasölum í Kópavogi auk þess sem Þingið (félag iðnaðarmanna) á þar eina íbúð. Einnig á félagið íbúð í Asparfelli Reykjavík og orlofshús í Dranghólaskógi og Illugastöðum. Nýting á orlofsíbúðum og húsi félagsins er mjög góð. Ekkert punktakerfi er við lýði hjá stéttarfélagunum í Þingeyjarsýslu heldur leitast við að sem flestir félagsmenn sem sækja um orlofshús fái úthlutun.

## Atvinnumál svæðisins

Framkvæmdir vegna uppbyggingar iðnaðar á athafnasvæði Bakka og Þeistareykja eru komnar á fullan skrið sem er byrjað að skila sér í auknum fjölda verkamanna, sem hér dvelja til lengri og skemmri tíma. Mikil uppbygging hefur átt sér stað í ferðþjónustu með síauknum fjölda ferðamanna. Það skilar sér með auknu þjónustuframboði og lengri opnunartíma sem kallar á fleira starfsfólk og hefur viðtæk áhrif á verslun og þjónustu. Ljóst er að bregðast þarf frekar við í framboði vöru- og þjónustu á matvælamarkaði og þá er tilfinningalega skortur á hentugu verslunarrými. Á starfssvæðinu voru 45 aðilar á atvinnuleysisráði í ágúst sem er örlítið hærra en frá árinu áður en þá var fjöldinn 39 manns.

## Samskipti við atvinnurekendur

Atvinnurekendur eiga góð samskipti við Skrifstofu Framsýnar sem sér um öll almenn samskipti og þjónustu. Auk þess er formaður og stjórn Deildar verslunar- og skrifstofufólks í góðum samskiptum, m.a. með samstarfi í verkefnum og vinnustaðaheimsóknum

## Fræðslumál

Boðið er upp á margvíslega fræðslufundi fyrir alla félagsmenn Framsýnar. Þeir eru jafnframt hvattir til þess að sækja sér aðra almenna fræðslu og nýta þá m.a. styrki til starfsmenntunar.

## Annað

Vert er að nefna mikilvæga kjarabót sem félagsmenn Framsýnar njóta við flugfélagið Ernir sem hóf áætlunarflug að nýju til Húsavíkur á árinu 2012. Félagsmenn fá flugfarið á aðeins kr. 8.900- sem er frábær kjarabót og vel nýtt af félagsmönnum um leið og það styrkir enn frekar undir stoðir áætlunarflugs til Húsavíkur.

## **STÉTTARFÉLAG VESTURLANDS. DEILD VERSLUNARMANNA**

### Þróun félagsmannafjölda

Félagsmenn Stéttarfélags Vesturlands skiptast þannig eftir kynjum. Karlar 561 og konur 594, alls 1.155. Alls greiddu 1.333 einstaklingar iðgjöld til félagsins árið 2014, þar af voru 948 fullgildir greiðendur en 385 greiddu í minna en sex mánuði á árinu. Gjaldfrjálsir félagar voru alls 207.

Félagsmenn skiptast þannig milli þeirra landssambanda sem félagið er aðili að:

	31.12.14	31.12.13	31.12.12	31.12.11
Starfsgreinasamband Íslands	933	938	866	905
Landssamband ísl. verslunarmanna	166	162	182	164
Samiðn, samband iðnfélaga	56	54	56	50
<i>Samtals</i>	<u>1.155</u>	<u>1.154</u>	<u>1.104</u>	<u>1.119</u>

## **Rekstur félagsins og húsnæði**

Nokkur halli var á rekstri Félagssjóðs Stéttarfélags Vesturlands og lítilsháttar af rekstri Orlofs- og Sjúkrasjóðs. Sveiflur hafa verið í rekstri sjóðanna síðustu ár. Samanlagður halli 2014 er kr. 2.143.296, en afgangur af samstæðunni 2013 var kr. 811.979, afgangurinn var kr. 95.969 árið 2012 en niðurstaðan var hinsvegar neikvæð árið 2011 um kr. 8.419.866.

Rekstrarniðurstaða Félagssjóðs var neikvæð á árinu 2014 um 1,7 millj. kr. en hallinn á árinu 2013 var um 2,8 millj. kr. en var árið 2012 um 1,3 millj. kr. Verst var niðurstaðan á árinu 2011, þá nam hallinn 7,9 millj. kr. Eigið fé sjóðsins að meðtöldum verkfallssjóði nam í árslok 29,2 millj. kr. en 30,9 millj. kr. í lok ársins á undan. Veltufé til rekstrar nam 0,9 millj. kr. samkvæmt sjóðstreymi. Handbært fé jókst um 1,7 millj. kr. á árinu. Handbært fé Félagssjóðs í árslok nam 9,9 millj. kr. en nam 8,2 millj. kr. í árslok 2013.

Auk orlofshúsa og íbúða á Stéttarfélag Vesturlands hús við Sæunnargötu 2a í Borgarnesi. Það hús hýsir meginþættina í starfsemi félagsins og þar er ágætur fundarsalur sem félagið hefur leigt út fyrir afar hóflegt gjald.

Þá á félagið tvö ágæt skrifstofuherbergi í stjórnsýsluhúsinu í Búðardal, að Miðbraut 11, eða samtals um 5% af heildareigninni. Annað skrifstofuherbergið hefur staðið ónotað í nokkur ár, því ekki hefur tekist að finna leigjanda, hitt notar félagið. Á sl. ári hefur Dalabyggð greitt smávægilega upphæð fyrir tilfallandi notkun á skrifstofuherbergjunum. Skrifstofustjóri félagsins sinnir ýmsum störfum og þjónustu við félagsmenn í Dölum annan hvern fimmtudag frá kl. 9:30 til kl. 12:30. Skrifstofan að Innrímel 3 í Hvalfjarðarsveit, er í leiguhúsnæði og er opin alla föstudaga og hefur skrifstofustjórinn einnig séð um þjónustuna þar. Því miður eru þessar útstöðvar í Dölunum og í Hvalfjarðarsveit mjög lítið nýttar og kemur vel til greina að endurskoða með hvaða hætti þær eru reknar. Þjónusta við félagsmenn okkar fer að miklu leiti fram í síma og þörfin fyrir að hitta fólk augliti til auglitis á skrifstofutíma er ekki endilega mikil.

## **Starfsemi sjúkrasjóðs**

Rekstrarniðurstaða ársins 2014 var neikvæð um 0,4 millj. kr. og var jákvæð á árinu 2013 þá um 0,2 millj. kr.. Eigið fé sjóðsins í árslok 2014 nam 160 millj. kr. en 159,3 millj. kr. í árslok 2013. Veltufé frá rekstri nam 0,3 millj. kr. samkvæmt sjóðstreymi. Handbært fé dróst saman um 0,6 millj. kr. á árinu. Handbært fé Sjúkrasjóðs í árslok nam 132,5 millj. kr. en var 133,1 millj. kr. í árslok 2013. Gerð var úttekt á stöðu sjúkrasjóðs miðað við árslok 2012 af Bjarna Guðmundssyni tryggingastærðfræðingi í samræmi við lög ASÍ. Samkvæmt henni og tilkynningu frá Skipulags- og starfsháttanefnd ASÍ, stenst sjóðurinn úttektina. Næsta athugun samkvæmt lögum sambandsins á að fara fram árið 2018, miðað við stöðu í árslok 2017. Fundir stjórnar Sjúkrasjóðs voru 12 á árinu 2014, þar af 8 símafundir. Stjórnin fjallaði um og afgreiddi þær umsóknir sem fyrir lágu og allt annað sem viðkom rekstri sjóðsins.

## **Orlofssjóður og rekstur orlofshúsa**

Rekstrartap Orlofssjóðs nam 39.653. kr. á árinu 2014 en reksturinn var jákvæður um 3,4 millj. kr. árið 2013. Eigið fé sjóðsins í árslok nam 79,1 millj. kr. en 79,2 millj. kr. árið á undan. Veltufé til rekstrar nam 2,4 millj. kr. samkvæmt sjóðstreymi. Handbært fé minnkaði um 14,1 millj. kr. á árinu. Handbært fé Orlofssjóðs í árslok nam 4,4 millj. kr. en var 18,5 millj. kr. í árslok 2013. Fundir stjórnar Orlofssjóðs voru 5 á árinu 2014.

Stéttarfélag Vesturlands á orlofshús í Húsafelli og í Ölfusborgum. Félagið á íbúð að Furulundi 8 o á Akureyri. Þessir fjórir valkostir voru í boði fyrir félagsmenn allt sumarið 2013. Auk þess bauð félagið upp á orlofshús að Nónhvammi í Biskupstungum í 13 vikur. Gerð var ítrekuð tilraun til að fá á leigu sumarhús í Húsafelli þ.s. að vinsældir þess að dvelja þar eru ótvíræðar. Þau tilboð sem félaginu bærust voru algjörlega út úr korti hvað varðar verð. Í lok árs 2014 festi Orlofssjóður síðan kaup á Kiðárskógi 1, í Húsafelli, sem er 64 fermetra sumarhús byggt árið 2004.

## Atvinnumál á félagssvæðinu

Samkvæmt opinberum tölum hefur dregið úr atvinnuleysi á Vesturlandi á árinu 2014 og var 2,2 % (2,4%) í árslok. Á landinu öllu var atvinnuleysið um 3.4% (4,2 %) í lok árs. Einhver hluti þeirra sem hafa verið lengi á atvinnuleysisskrá hefur farið í skóla, farið af vinnumarkaði eða fundið sér vinnu erlendis. Þeim fjölgar sífellt sem hafa tæmt bótarétt sinn og eru komnir á framfæri sveitarsjóða eða eru komnir á örorku. Því getur verið að opinberar tölur um atvinnuleysi gefi ekki alveg rétta mynd af því sem er að gerast á vinnumarkaðnum. Stjórnvöld treystu sér engu að síður til að stytta bótarétt atvinnulausra um sex mánuði frá áramótum 2014-15, þrátt fyrir hávæð mótæmi verkalyðshreyfingarinnar. Einnig var öllum samningum við stéttarfélag sem þjónustað hafa atvinnulausa sagt upp frá sl. áramótum. Vinnumálastofnun Vesturlands treystir nú á að fá inni til viðtala hjá sveitarfélögum á svæðinu og hefur slitið öllu samstarfi við Stéttarfélag Vesturlands.

## Útgáfu og kynningarmál

Stéttarfélagið gaf út 2 tölublað af Félagsfréttum árið 2014. Í mars var gefið út hið árlega orlofsblað þar sem orlofskostir sumarsins voru kynntir félagsmönnum ásamt umsóknareyðublaði fyrir félagsmenn til að senda inn til skrifstofu félagsins. Í desember var svo gefið út jólablað þar sem að venju var vakin athygli á upphæð desemberuppbóta, auk þess sem fjallað var um viðurkenningu frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins sem Sigurði Oddssyni félagsmanni Stéttarfélags Vesturlands var veitt sem fyrirmynd í námi fullorðinna. Jafnframt var fjallað um framvindu og lok tilraunaverkefnisins „Menntun núna í Norðvesturkjördæmi“. Félagsblöðin voru send inn á hvert heimili á félagssvæðinu og á heimilisföng þeirra félagsmanna er búa utan svæðisins.

Trúnaðarmannanámskeið var haldið 10. og 11. febrúar og sá Félagsmálaskóli Alpýðu um utanumhald námskeiðsins.

Á aðalfundi deilda félagsins, þann 25. mars, var Vilhjálmur Egilsson rektor Háskólans á Bifröst með erindi um tækifærin í héraðinu undir yfirskriftinni „Bifrarstarrektor á bjartsýnum nótum“

## Fræðslumál

Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks veitti 33 (31) (11) félagsmönnum styrki á árinu, 5 (3) (0) körlum og 28 (28) (11) konum, samtals að upphæð kr. 1.361.463 (930.207) (217.510). Fjölmennustu styrkjaflokkarnir eru starfsnám og annað starfstengt nám 10 (7) (1) að upphæð 750.813 (363.187) (69.950) þar af eru 3 vegna bókaránáms og 2 vegna diplómanáms í verslunarstjórnun í Háskólanum á Bifröst, tómstundanámskeið 10 (7) (8) að upphæð 105.000 (84.550) (88.050) og eru þau af ýmsum toga s.s. eins og jurtalitun hjá Heimilisiðnaðarskólanum, nokkur þróðanámskeið og námskeið í steinaslípun. Ánægjulegt er að sjá að sú fjölgun sem átti sér stað á fyrri ári hefur haldið sér og karlar hafa sótt í sig veðrið í styrkumsóknum en fjölgunin hjá þeim er 67% milli ára en betur má ef duga skal. Karlar sem greiða í DVS deildina eru 30% af heildarfjöldanum en eiga aðeins um 15% af styrkumsóknum í sjóðinn. Gefur það ef til vill vísbendingu um að þörf er á að hvetja þá sérstaklega til að sækja sér starfsmenntun.

## Félagsstarf og fundir

Stéttarfélag Vesturlands og Kjölur stéttarfélag starfsmanna í almannþjónustu stóðu að vanda saman að hátíðarhöldum í Hjálmakletti nú í annað sinn. Sjöfn Elísa Albertsdóttir skrifstofustjóri setti hátíðina. Síðan flutti Barnakór Borgarness nokkur lög. Signý Jóhannesdóttir flutti hátíðarræðuna. Söngkonurnar Selma Björns og Regína Ösk tóku lagið og að lokum flutti kór eldri borgara undir stjórn Zsuzsönnu Budai nokkur lög og endaði á Nallanum. Hrefna Ásgeirsdóttir trúnaðarmaður Kjalar var kynnir. Í lok dagskrár var samkomugestum boðið upp á kaffi og kökur í boði útskriftarnemenda Menntaskólans. Félögin buðu börnum upp á 2 bíósýningar í Óðali. Samkoman í Hjálmakletti var afar vel sótt en um 160 manns komu til hátíðarinnar, einnig voru bíósýningarnar í Óðali vel sóttar eins og fyrri ár.

Stéttarfélag Vesturlands stóð að samkomu í Búðardal í samvinnu við Starfsmannafélag Dala- og Snæfellsnessýslu. Ræðumaður var Guðbjörn Arngrímsson formaður Starfsmannafélags Ólafsfjarðar og Samflots bæjarstarfsmanna. Kynnir var Kristín G. Ólafsdóttir starfsmaður SDS. Samkórinn, Vorboðinn tók nokkur lög, Keli trúbador og Hreimur Heimisson tóku einnig nokkur

lög. Kvenfélagið Þorgerður Egilsdóttir sá um kaffiveitingarnar. Hátíðarhöldin voru í Dalabúð og var samkoman í Búðardal mjög vel sótt.

Aðalfundur Stéttarfélags Vesturlands var haldinn í Alpýðuhúsinu í Borgarnesi miðvikudaginn 14. maí 2014. Breytingar urðu á stjórn félagsins vegna þess að Ívar Örn Hauksson sem verið hefur formaður Stóriðjudeildar hóf nám í Keili og hætti störfum hjá Norðuráli, við hans stöðu tók Sigrún Reynisdóttir. Trúnaðarráð félagsins hélt sex fundi á árinu og stjórnarfundir voru einnig sex. Auk þessa var haldinn fundur með forseta ASÍ, sem fór í fundaðerð um landið. Þá héldu hinar ýmsu nefndir félagsins nokkra fundi á árinu. Fulltrúar félagsins sóttu fundi landssambandanna sem félagið á aðild að sem og fundi lífeyrissjóðanna. Nokkrar konur úr félaginu sóttu ráðstefnuna Hvað viltu upp á dekk aftur? Sem haldin var af Jafnréttis og fjölskyldunefnd ASÍ.

### **Annað**

Dagana 12.-15. júní var haldin í Malmö stærsta kvennaráðstefna Norðurlandanna, Nordisk Forum – New Action on Women's Rights. Ráðstefnan var haldin í framhaldi af fyrri Nordisk Forum ráðstefnum, sú fyrsta var í Osló árið 1988 og önnur í Åbo í Finnlandi árið 1994. Það voru því liðin 20 ár frá síðustu Nordisk Forum ráðstefnu. Alls voru tæplega 400 þátttakendur frá Íslandi á ráðstefnunni en í heild voru þátttakendur um 20 þúsund. Fyrirlesarar og gestir ráðstefnunnar komu úr öllum áttum en fræðimenn, stjórnáamenn, aktívistar, fulltrúar fyrirtækja og félagasamtaka, listamenn og feministar voru þarna saman komin til að ræða áskoranir jafnréttisbaráttunnar í dag og lausnir til framtíðar. Fjórar konur úr Stéttarfélagi Vesturlands sátu ráðstefnuna, það voru þær Signý Jóhannesdóttir, Áslaug Þorvaldsdóttir, Sigrún Reynisdóttir og Sjöfn Elísa Albertsdóttir.

Dögumum í Malmö verður best lýst sem hlaðborði af menningu, fyrirlestrum, umræðum og öðrum viðburðum þar sem engin leið var að fá sig fullsadda af góðum boðskap.

Niðurstaða ráðstefnunnar var yfirlýsing sem í lok hennar var afhent jafnréttisráðherrum Norðurlandanna.

## **STÉTTARFÉLAGIÐ SAMSTAÐA, DEILD VERSLUNARMANNA**

### **Þróun félagsmannafjölda og atvinnulausra**

Félagsmenn Stf. Samstöðu voru í heildina 808 með gjaldfrjálsum þann 31.12.2014. Í deild verslunarmanna voru 72 þar af 7 gjaldfrír og er það fækkun sem ræðst af því að starfsfólk hjá N1 hf. færðist að mestu yfir til Starfsgreinasambandsins.

### **Rekstur félagsins og húsnæði**

Félagið er með aðalskrifstofu sína á Blönduósi sem er opin alla daga, í eigin húsnæði sem það á með lðnsveinafélagi Húnavetninga. (Þessi félög sameinuðust eftir síðasta aðalfund í apríl 2015)

Einnig er rekin skrifstofa á Hvammstanga í leigu húsnæði og þar er starfsmaður í 50% stöðugildi. Rekstur félagsins er með óbreyttu sniði milli ára og vísast þar í ársreikninga félagsins.

### **Félagsstarf og fundir**

Stjórnarfundir eru yfirleitt haldnir einu sinni í mánuði nema yfir sumarmánuðina og fundir með stjórn og trúnaðarmannaráði eftir þörfum þ.e. hvaða málefni liggja fyrir hverju sinni og hafa þeir verið nokkuð margir það sem af er þessu ári vegna kjarasamninga.

Fundur í deildinni var einn, aðalfundur deildarinnar.

### **Starfsemi sjúkrasjóðs**

Rekstur sjúkrasjóðs var í nokkuð hefðbundnum farvegi árið 2013 og 2014 en verið frekar léttur það sem af er þessu ári. Sjóðurinn hefur sjálfstæða þriggja manna stjórn sem fundar í lok hvers mánaðar. Séu einhver álitamál hefur það komið fyrir að stjórnin vísi málum til stjórnar og trúnaðarmannaráðs en það er ekki algengt.

Vísast að öðru leyti í lög sjúkrasjóðs Stf. Samstöðu.

### **Orlofssjóður og rekstur orlofshúsa**

Félagið á eitt hús að Illugastöðum í Fnjóskadal og helming í húsi í Ölfusborgum á móti Öldunni stéttarfélagi í Skagafirði. Félagið hefur síðan tekið hús á leigu yfir sumartímann og endurleigt sínum félagsmönnum.

Sl. sumar voru þrjú valkostir til viðbótar, sumarhús á Einarstöðum á Héraði, Flúðum og Suðureyri við Súgandafjörð

### **Atvinnumál á félagssvæðinu**

Atvinnumál á svæði Stf. Samstöðu eru með svipuðu sniði og sl. ár. Ekki er mikið atvinnuleysi en fleiri atvinnutækifærum tækjum við fagnandi.

Í árslok 2013 voru 2 verslunarmenn á félagssvæði Stf. Samstöðu án vinnu og í árslok 2014 var það einn.

### **Fræðslumál**

Félagið hélt trúnaðarmannanamskeið í samvinnu við Ölduna stéttarfélag í Skagafirði og var það haldið í Blöndustöð, hefur svo verið undanfarin ár.

Einnig eru margir félagsmenn að nýta sér námskeið á vegum Farskólans – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra.

Þá er nokkuð um að fólk sé í fjarnámi og fólk er duglegt að nýta sér starfsmenntasjóðina.

### **Útgáfu og kynningarmál**

Samstaða hefur að jafnaði gefið út tvö blöð á ári, þar sem upplýsingum er komið til félagsmanna svo sem um sumarhús, rétt í sjúkrasjóð og vakin athygli á starfsmenntasjóðum. Einnig eru dagskrár sem gefnar eru út bæði á Hvammstanga og Blönduósi nýttar til auglýsinga fyrir félagið eftir því sem þörf er á.

### **Annað**

Samskipti við atvinnurekendur er að mestu leyti góð á svæðinu og þjónusta stéttarfélagsins vel nýtt.

## **VERKALÝÐSFÉLAGS SNÆFELLINGA, DEILD VERSLUNARMANNA**

### **Þróun félagsmannafjölda**

Fjöldi félagsmanna í deild verslunarmanna hefur nokkuð staðið í stað og verið í kringum 80 – 114 félagsmenn ef talið er með hluti starfandi og sumarafleysingafólk.

### **Rekstur félagsins og húsnæði**

Rekstur félagsins er í góðu standi eins og ársreikningar sína. Höfuðstöðvar félagsins eru í Ólafsvík en jafnframt eru reknar skrifstofur á Stykkishólmi og Grundarfirði.

### **Félagsstarf og fundir**

Haldnir hafa verið að meðaltali einn stjórnar fundur í mánuði og tveir félagsfundir á ári.

### **Sjúkrasjóðir**

Við sjáum hækkun greiðslna á milli ára úr sjúkrasjóði en þó ekki neitt óeðlilega. Bætt hefur verið við styrkjum m.a. styrk vegna tannviðgerða og fleira, til að auka þjónustu við breiðari hóp.

### **Orlofssjóður og rekstur orlofshúsa**

Orlofssjóður hefur verið rekinn með hagnaði undanfarin ár. Mikil eftirsókn er í íbúðir í Reykjavík en félagið á fimm íbúðir þar. Einig hefur verið mikil eftirsókn í Ölfusborgir en þar á félagið tvo bústaði. Á Illugastöðum er einn bústaður sem sennilega vegna vegalengdar er ekki eins mikið notaður. Á árinu 2014 var farið út í að kaupa sumarhús á Spáni ásamt þremur öðrum félögum, Vlf. Vestfirðinga, Öldunni Stéttarfélagi og Vlf. og sjómannafélagi Sandgerðis og hefur það farið vel af stað.

### **Atvinnumál svæðisins**

Atvinnuástand hefur verið nokkuð gott þessi á þessum tíma hjá verslunarfólki og atvinnuleysi í lágmarki á svæðinu. Það hefur jafnvel vantað fólk til starfa í verslunargeiranum.

### **Fræðslumál**

Fjölgað hefur útgreiðslu styrkja úr menntasjóð á tíma bilinu.

### **Annað**

Félagið hefur undanfarið gefið út dagbækur sem hinni halda ímsar upplýsingar og hefur það mælst vel fyrir. Einnig hefur unglingum í 10 bekk verið sendur minnislykill með helstu upplýsingum um réttindi og skyldur á vinnumarkað.

Ekki hafa verið nein stór mál í gangi á þessu tímabili.

## **VERKALÝÐSFÉLAGS ÞÓRSHAFNAR. DEILD VERSLUNARMANNA**

### **Þróun félagsmannafjölda og atvinnulausra**

2013 21

2014 19

2015 16

Enginn atvinnulaus á tímabilinu.

### **Rekstur félagsins og húsnæði**

Skrifstofa V.Þ. er að Langanesvegi 18, 680 Þórshöfn.

Félagið er með þjónustusamning við Framsýn stéttarfélag.

### **Félagsstarf og fundir**

Haldnir eru aðalfundir ár hvert svo og hádegisverðarfundir.

### **Starfsemi sjúkrasjóðs**

Litlar breytingar hafa verið milli ára á greiðslum sjúkradagpeninga til félagsmanna í deild verslunarmanna en þeir hafa nýtt sér önnur réttindi úr sjóðnum.

### **Orlofssjóður og rekstur orlofshúsa**

Orlofssjóður V.Þ. tvö orlofshús í Kjarnaskógi við Akureyri og er um 80% nýting árlega.

### **Atvinnumál á félagssvæðinu**

Góð.

### **Fræðslumál**

Með V.Þ.

### **Útgáfu og kynningarmál**

Útgáfu og kynningarmál eru í samstarfi við Framsýn stéttarfélag. Fréttir frá félaginu eru gefnar út í fréttabréfi stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslu.